Eftirlitshandbók – leiðbeiningar

Alifuglar

Ágúst 2025

Efnisyfirlit

1. Inngangur....4
1.1. Lagagrunnur....6
1.2. Verklag....6
1.3. Framkvæmd skoðunar....6
1.3.1. Undirbúningur og skipulag skoðunar....7
1.3.2. Verklag við synjun aðgangs að starfsstöðinni....8
1.3.3. Viðbrögð við óásættanlegri hegðun eftirlitsþega við eftirlitsaðila....8
1.3.4 Framkvæmd skoðunar....9
1.3.5 Myndatökur....9
1.3.6 Skoðunarskýrsla....9
1.3.7 Næsta skoðun - frestur til úrbóta....10
1.3.8 Grunur um refsivert brot....10
1.3.9 Samantekt....11
1.3.10 Gjaldtaka....11
1.3.11 Viðhalds- og úrbótaáætlanir....11
1.4. Mat á athugasemdum og eftirfylgni....11
1.4.1. Mat á athugasemdum og skoðunaratriði....11
1.4.2. Eftirfylgni – þvingunaraðgerðir og refsing....12
II. þáttur - Fóður....16
1. Inngangur....16
1.1. Lagagrunnur....16
1.2. Mat á athugasemdum við skoðunaratriði....16
4. Byggingar og búnaður....17
4.22. Meindýr / smitvarnir....17
4.22.1. Meindýr / smitvarnir....17
4.23. Þrif....17
4.23.1. Verklag þrifa....17
4.26. Aukaafurðir úr dýrum, úrgangur og/eða mengandi efni....17
4.26.1. Verklag við aukaafurðir úr dýrum (ABP), úrgang og/eða mengandi efni....17
5. Vörumeðferð....18
5.24. Umbúðir / beit....18
5.24.2. Aðskilnaður í geymslu og meðferð fóðurs....18
6. Framleiðslustjórnun....18
6.21. Móttaka....18
6.21.1. Skráningar við móttöku....18
III. þáttur – Hollustuhættir við eggja- og kjötframleiðslu....19
1. Inngangur....19
1.1. Lagagrunnur....19
1.2. Mat á athugasemdum við skoðunaratriði....19
2.3. Leyfi....20
2.31. Samþykki / leyfi....20
2.31.1. Leyfi/skráning Matvælastofnunar....20
3. Starfsfólk....20
3.32. Hreinlæti / heilsa....20
3.32.1. Verklag fræðslu og þekkingar....20
3.32.2. Hlífðarfatnaður ofl....20
3.32.5. Handþvottur / salerni....20

4. Byggingar og búnaður 21
4.31. Vatn 21
4.31.1. Verklag vegna vatns 21
4.32. Meindýr og umhverfi 21
4.32.1. Umhverfi útihúsa 21
4.32.2. Meindýravarnir 22
4.33. Þrif 22
4.33.1. Búnaður í snertingu við hráefni 22
4.33.2. Búnaður ekki í snertingu við hráefni 22
4.33.3. Þrif á byggingum og búnaði 23
4.35. Hönnun starfsstöðvar 23
4.35.1. Hönnun starfsstöðvar: eggjageymsla 23
4.35.2. Hönnun starfsstöðvar: fuglahús 23
4.35.4. Lýsing 24
5. Vörumeðferð 24
5.32. Aðskilnaður 24
5.32.1. Aðskilnaður 24
5.33. Dýr – sjúkdómar / lyf 24
5.33.1. Sjúkdóma- og lyfjaskráning 24
7. Neytendavernd 25
7.31. Rekjanleiki 25
7.31.2. Hjarðbók 25
7.31.3. Úrbætur 26
7.34. Eftirlit með örverum 26
7.34.1. Eftirlit með salmonellu 26
7.34.2. Eftirlit með Campylobacter 27
IV. þáttur - Dýravelferð 28
1. Inngangur 28
1.1. Lagagrunnur 28
1.2. Mat á athugasemdum við skoðunaratriði 28
8. Dýrasjúkdómar 29
8.45. Smitvarnir 29
8.45.2. Meindýravarnir, umhverfi, smitvarnir 29
8.45.3. Þrif og sótthreinsun, inngangur 29
8.45.4. Dýrahræ 29
8.45.5. Klakegg 30
8.47. Sóttvarnarstöðvar 30
8.47.1. Hönnun, viðhald 30
8.47.2. Umgengi, þrif 30
8.47.3. Úrgangur, hræ 30
8.47.4. Skýrsluhald, eigið eftirlit 30
9. Velferð 30
Úttekt vegna nýrrar starfsemi eða breytinga 30
9.71. Meðferð og umhirða 31
9.71.1. Þekking og hæfni 31
9.71.2. Daglegt eftirlit 31
9.71.3. Hreinleiki gripa 32
9.71.4. Skýrsluhald 32
9.71.5. Fóðrun og brynning 33
9.72. Aðgerðir, tínsla, aflífun 34

9.72.1. Aðgerðir 34
9.72.2. Handsömun, tínsla 34
9.72.3. Aflífun 35
9.73. Húsakostur 35
9.73.1. Slysavarnir 35
9.73.2. Lýsing 36
9.73.3. Hljóðmengun 37
9.73.4. Loftgæði og loftræsting 37
9.73.5. Vararafstöð, viðvörunarbúnaður 38
9.73.6. Útivist 38
9.74. Aðbúnaður varphæna og stofnfugla, lausaganga 38
9.74.1. Þéttleiki 39
9.74.2. Setprik 39
9.74.3. Pallakerfi 39
9.74.4. Hreiður 40
9.74.5. Undirburður 40
9.74.6. Fóður-, brynningarbúnaður 40
9.75. Varphænur í búrum, uppeldi, kalkúnar og aðrir alifuglar 40
9.75.1. Þéttleiki – Varphænur í innréttuðum búrum 40
9.75.2. Fóður-, brynningarbúnaður – Varphænur í innréttuðum búrum 41
9.75.3. Annar búnaður - Varphænur í innréttuðum búrum 41
9.75.4. Þéttleiki - Varphænur í hefbundnum búrum 41
9.75.5. Fóður-, brynningarbúnaður – Varphænur í hefðbundnum búrum 41
9.75.6. Annar búnaður - Varphænur í hefbundnum búrum 41
9.75.7. Þéttleiki - Aðbúnaður til uppeldis 42
9.75.8. Fóður-, brynningarbúnaður – Aðbúnaður til uppeldis 42
9.75.9. Annar búnaður - Aðbúnaður til uppeldis 42
9.75.10. Þéttleiki - Kalkúnar 42
9.75.11. Fóður-, brynningarbúnaður – Kalkúnar 42
9.75.12. Annar búnaður – Kalkúnar 42
9.75.13. Þéttleiki - Aðrir alifuglar 42
9.75.14. Fóður-, brynningarbúnaður – Aðrir alifuglar 43
9.75.15. Annar búnaður - Aðrir alifuglar 43
9.76. Aðbúnaður fyrir kjúklinga 43
9.76.1. Þéttleiki 43
9.76.2. Fóður-, brynningarbúnaður 44
9.76.3. Undirburður 44
9.76.4. Skráningar kjúklingahópa 44
9.79. Útungunarstöðvar 45
9.79.1. Þekking og þjálfun 45
9.79.2. Skráningar útungunarstöðvar 45
9.79.3. Meðferð og heilbrigði unga 45
9.79.4. Meindýravarnir, smitvarnir útungunarstöðva 46
9.79.5. Þrif og sótthreinsun útungunarstöðva 46
9.79.6. Hönnun útungunarstöðva 46
9.80. Úrbætur 47
9.80.1. Úrbætur 47

1. Inngangur

Eftirlitshandbók þessi er ætluð starfsmönnum Matvælastofnunar sem starfa við leyfisveitingar og eftirlit hjá aðilum í frumframleiðslu sem halda dýr, framleiða matvæli úr dýraafurðum og fóður og eru undir eftirliti Matvælastofnunar skv. lögum nr. 55/2013 um dýravelferð, nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 93/1995 um matvæli og nr. 22/1994 um fóður. Eftirlitsaðilum ber að framfylgja lögum og skulu annast opinbert eftirlit í samræmi við skjalfestar verklagsreglur sem í eru fyrirmæli til starfsfólks sem sinnir opinberu eftirliti.

Tilgangur bókarinnar er að veita starfsfólki sem starfar við eftirlit með frumframleiðslu leiðbeiningar um hvernig skuli skipuleggja og framkvæma leyfisúttektir og samræmt eftirlit.

Leiðbeiningar þessar koma ekki í stað ákvæða í lögum og reglugerðum.

Eftirlitshandbókinni er skipt í inngang og fjóra efnisþætti:

- II. þáttur fjallar um eftirlit með fóðri á búum
- III. þáttur fjallar um eftirlit með hollustuháttum á búum
- IV. þáttur fjallar um eftirlit með dýravelferð og smitvarnir á búum

Breyting 2025

- Uppfærður kafli 9.76.1 um þéttleika.
- Texti um gjaldtöku uppfærður í samræmi við breytingu á gjaldskrá.

Breytingar 2023

- Texti varðandi gjaldtöku uppfærður.
- Heiti breytt úr skoðunarhandbók í eftirlitshandbók.
- Titli eftirlitsmanns breytt í eftirlitsmann.
- Myndir um ferli frávika uppfærðar.

2021 Breytingar á 1. kafla eftirlitshandbóka og tengdu verklagi

- Kafli 1.2 Verklag. Breyting á tilvísun í verklag um beitingu þvingana og refsinga.
- Nýr kafli 1.3.8 um grun um refsivert brot og viðbrögð við því. Texta var einnig bætt við VLY-002 með tilvísun í EBL-009 (mantra) og eftirlitshandbók. Texti var áður í VLY-045.
- Texta við myndir um viðbrögð við frávikum og alvarlegum frávikum í kafla 1.4.2 Eftirfylgni – þvingunaraðgerðir var breytt þannig að eftirlitsmaður skal ráðfæra sig við sérgreinadýralækni þegar um er að ræða alvarlegt frávik í annað sinn og ákvörðunar- og aðgerðateymi var skrifað inn í stað ´lögfræðings Samhæfingar´ áður.
- Samráð við sérgreinadýralækni var einnig skrifað inní 4. tl. VLY-002.
- Texta möntru var breytt til að gera hann einfaldari í meðförum og munnlegum flutningi. Einnig var bætt við texta um mikilvægi möntrunnar eftir mismunandi aðstæðum þegar upp kemur grunur um refsivert brot. Málum getur verið þannig háttað að það mun ekki hafa áhrif á framgang máls þó að mantran liggi ekki fyrir. Sjá kafla 1.3.8.
- Í kafla 1.3.5 um myndatökur var gerð skýrari krafa um að ávallt skuli taka myndir þegar um „Alvarlegt frávik“ er að ræða og aðstæður leyfa.
- Eftirfarandi texti er nú í kafla 1.3.6 í öllum eftirlitshandbókum:
    - Vakni grunur eftirlitsmanna í eftirliti um óviðunandi aðstæður sem eru utan starfssviðs MAST en ættu erindi til annarra yfirvalda, ætti að tilkynna það sem fyrst og tryggja að

slíkar tilkynningar berist réttum aðilum. Sem dæmi um slíkar aðstæður eru félagsleg vandamál, barnaverndarmál, mansal, umhverfisvandamál (mengun) eða ófullnægjandi brunavarnir.
    - Einni málsgrein hefur verið bætt við með tilvísun í leiðbeiningar um orðalag í skýrslum að því er varðar persónuvernd.
- Nýjum kafla 1.3.3 um viðbrögð MAST við óásættanlegri hegðun af hálfu eftirlitsaðila var bætt við í nóvember 2020. Númer annarra undirkafla breyttust í samræmi við það.

Efnislegar leiðréttingar og breytingar fólust m.a. í tilvísun í löggjöf, samræmingu við skoðunaratriði í Ísleyfi, úreltur texti leiðréttur og einstaka málsgreinum bætt við.

1.1. Lagagrunnur

Sjá undir hverjum þætti.

1.2. Verklag

Gæðakerfi Matvælastofnunar byggir á verkferlum, vinnulýsingum og leiðbeiningum ásamt eyðublöðum og gátlistum. Eftirlitshandbækur eru leiðbeiningaskjöl í gæðahandbók Matvælastofnunar. Þessi handbók er leiðbeiningaskjal með auðkennið LBE-084 – Alifuglar - Eftirlitshandbók.

Hún er til stuðnings vinnulýsingu VLY-002 Eftirlit; sláturhús, vinnsla matvæla og fóðurs sem tilheyrir verklagsreglu VRF-021 Eftirlit. Beiting þvingunar- og refsiaðgerða vegna frávika í frumframleiðslu og gruns um brot á velferð dýra fer eftir verklagsreglu VRF-037.

Útgáfa leyfa til frumframleiðslu afurða úr dýrum, öðrum en sauðfé og hrossum, fer eftir verkferli VRF-017.

Við skoðanir er stuðst við gátlista fyrir viðkomandi dýrategund. Niðurstöður skoðunar eru færðar í eftirlitsgagnagrunninn ÍsLeyf.

II. þáttur – Fóður og III. þáttur - Hollustuhættir eru í megindráttum byggðir upp á fimm köflum.

1. Inngangur
4. Byggingar, búnaður og umhverfi
5. Vörumeðferð, s.s umhirða gripa og geymsla á fóðri
6. Framleiðslustjórnun
7. Neytendavernd

Kaflar 4-7 lýsa kröfum sem gerðar eru til þess efnis sem kaflinn fjallar um og hvernig eftirliti er háttað. Hverjum kafla er skipt upp í mismunandi marga undirkafla, sem hver um sig samanstendur af nokkrum skoðunaratriðum.

IV. þáttur – Dýravelferð er byggður upp á þremur köflum, en þar er sama fyrirkomulag varðandi kaflaheiti og undirkafla eins og útskýrt er hér að ofan. Kaflarnir í IV. þætti heita:

4. Byggingar og búnaður
8. Dýrasjúkdómar
9. Velferð

1.3. Framkvæmd skoðunar

Tilefni skoðana getur verið mismunandi, s.s.

- Reglubundin skoðun
- Eftirfylgniskoðun
- Úttekt vegna leyfisumsóknar
- Ábending/kvörtun
- Sýnataka
- Umbeðin
- Annað

1.3.1. Undirbúningur og skipulag skoðunar

Að jafnaði gildir sú regla að framkvæma skoðun án þess að gera boð á undan sér, þó getur verið nauðsynlegt að hafa samband við umráðamann/rekstraraðila áður en mætt er á staðinn til að tryggja viðveru hans eða fulltrúa. Ef umráðamaður/rekstraraðili eða fulltrúi hans er ekki viðstaddur skal óskað eftir leyfi hans til að framkvæma skoðunina. Í skoðunarskýrslu skal þess getið hverjir voru viðstaddir skoðun.

Á flestum alifuglabúum gilda strangar reglur um smitvarnir. Fyrir skoðun skal kanna hvaða reglur gilda um ferðir milli búa hjá rekstraraðila/umráðamanni. Eftirlitsmaður skal virða umgengisreglur á búum.

Skipulag eftirlitsferða

Framleiðsla á afurðum úr alifuglum er yfirleitt ekki breytileg milli árstíma, nema þar sem alifuglar eru með aðgang að útisvæði. Æskilegt er þó að framkvæma eftirlit á mismunandi árstímum á milli ára, t.d. vegna áhrifa útihitastigs á loftgæði í húsum.

Áður en farið er í eftirlit skal athuga eftirfarandi atriði:

- Niðurstöður úr síðustu skoðun
- Grunnupplýsingar um búið. Eftirlitsmaður skal kanna hvort takmarkandi atriði (stærð hússins, innréttingar) vegna leyfilegs hámarks þéttleika alifugla í hverju húsi viðkomandi bús séu til staðar. Grunnupplýsingar um búin liggja fyrir í hverju umdæmi og/eða hjá dýralækni alifuglasjúkdóma
- Úrbótaáætlun
- Upplýsingar úr búfjáreftirlitsgagnagrunninum www.bustofn.is (fjöldi dýra á búinu).

Eftirfarandi þarf að hafa meðferðis:

- Skilríki frá Matvælastofnun
- Gátlisti Alifuglar – GAT-054
- Eyðublað (mantra) – EBL-009
- Tæki s.s. hitamæli, rakamæli, ljósmæli, gasmæli, vasaljós og málband/lasermæli.
- Sýnatökuútbúnað ef um sýnatökur er að ræða
- Hrein hlífðarföt og einnota skóhlífar að auki (einnota hlífðarföt til vara), ef hlífðarföt eru ekki til staðar á búinu.
- Spjaldtölva þar sem það á við
- Myndavél

Fagleg nálgun:

- Eftirlitsmaður kynnir sig og lýsir tilgangi og fyrirkomulagi skoðunar fyrir umráðamanni/rekstraraðila
- Umráðamaður/rekstraraðili er upplýstur um að heimild sé fyrir myndatökum við skoðun
- Sé vitað um eða grunur er um smitsjúkdóm á býlinu skal gera sérstakar varúðarráðstafanir
- Bíll skal vera hreinn, bæði að utan og innan
- Séu fleiri með í för við skoðun, skulu þeir kynntir umráðamanni/rekstraraðila
- Eftirlitsmaður má ekki hafa gæludýr með við skoðun
- Stígvél skulu þvegin áður en farið er úr gripahúsinu, ef ekki er notast við einnota hlífðarföt

1.3.2. Verklag við synjun aðgangs að starfsstöðinni

Samkv. matvælalögum er matvælafyrirtækjum skylt að veita óhindraðan aðgang til eftirlits á þeim stöðum þar sem framleiðsla eða dreifing matvæla á sér stað (1. mgr. 24.gr. matvælalaga). Enn fremur kemur fram að opinberum eftirlitsaðila skuli heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lög þessi og stjórnvaldsreglur ná yfir og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf (1. mgr. 30.gr.b sömu laga). Ekki er krafist dómsúrskurðar. Eftirlitsmaður sem er synjað um aðgang að matvælafyrirtæki vinnur skv. vinnulýsingu VLY-051.

Skv. 34.gr. laga um velferð dýra er MAST heimilt að fara í eftirlitsheimsóknir á hvern þann stað sem dýr eru haldin til að kanna aðstæður og aðbúnað þeirra og við beitingu þvingunarúrræða. Ekki er heimilt að fara í þessum tilgangi í útihús eða annað húsnæði án samþykkis eiganda nema að fengnum dómsúrskurði. Ef grunur er um alvarlegt brot er heimilt að leita aðstoðar lögreglu til að fara inn í útihús án dómsúrskurðar ef brýn hætta er talin á að bið eftir úrskurði valdi dýrum sem í hlut eiga skaða.

1.3.3. Viðbrögð við óásættanlegri hegðun eftirlitsþega við eftirlitsaðila

Þegar upp koma tilvik um óásættanlega hegðun eftirlitsþega/viðskiptavina mun Matvælastofnun bregðast við með hliðsjón af mati á aðstæðum og þeirri hegðun sem um ræðir. Viðbrögð geta verið allt frá munnlegri athugasemd við eftirlit allt til þess að yfirstandandi eftirlitsskoðun sé stöðvuð. Starfsfólki Matvælastofnunar er heimilt að rjúfa samskipti (s.s símtöl eða fundi) þar sem það verður fyrir óásættanlegri eða óviðeigandi framkomu.

Að meginreglu er brugðist við óásættanlegri hegðun með því að leitað er lausna á staðnum við framkvæmd eftirlits.

Þegar aðstæður eru orðnar slíkar við eftirlit að starfsmaður Matvælastofnunar er knúinn til að hafa orð á hegðun fulltrúa eftirlitsþega og beiðast vinnufriðar, mun slíkt atriði ávallt verða skráð í eftirlitsskýrslu. Yfirmaður viðkomandi eftirlitsmanns mun meta hvort ástæða er til að hnykkja á því við eftirlitsþega að til þess sé ætlast að vinnufriður sé tryggður við eftirlitsskoðun.

Dæmi um óæskilega hegðun sem unnt er að bregðast við með óformlegri hætti eru t.d.:

- *Móðganir og útúrsnúningar*
- *Öskur og háreysti*
- *Gera eftirlitsmann að andlagi gríns*
- *Dreifa rógburði*
- *Hæða eftirlitsmann, hvort sem í samtali eða vitna viðurvist*
- *Eftirlitsaðili sé einangraður og hundsaður á starfsstöð*
- *Óeðlileg líkamstjáning, til þess fallin að ógna, gera lítið úr eða hæða eftirlitsmann*

Þau atriði sem hér voru talin upp, og atriði sem teljast sambærileg, geta leitt til:

- *Kröfu um fund yfirmanns skoðunaraðila með fulltrúa starfsstöðvar þar sem gerð verður krafa um að til aðgerða verði gripið svo eftirlit fari ótruflað fram.*
- *Að eftirlitsskoðun verði framkvæmd af tveimur skoðunaraðilum í stað eins. Sá umframkostnaður sem af hlýst greiðist af eftirlitsþega.*

Í undantekningatilvikum getur Matvælastofnun gripið til þess ráðs, tímabundið, að láta nýjan skoðunaraðila framkvæma eftirlit. Þetta getur átt við í þeim tilfellum þar sem atburðarrás er óljós og málið í rannsókn. Að meginreglu mun eftirlitsaðili snúa aftur til eftirlits á starfsstöð um leið og staðreyndir máls eru kunnar.

Verulega óásættanleg hegðun

Dæmi um verulega óæskilega hegðun eru t.d.:

- *Líkamsárás*
- *Niðurlægjandi framkoma á grundvelli kynferðis*

- *Niðurlægjandi framkoma á grundvelli kynvitundar*
- *Niðurlægjandi framkoma á grundvelli kynhneigðar*
- *Niðurlægjandi framkoma á grundvelli menningarlegs uppruna*
- *Niðurlægjandi framkoma á grundvelli kynþáttar*
- *Ógnun og/eða hótun um beitingu ofbeldis*
- *Ógnun eða hótun um félagslegar afleiðingar*
- *Endurtekin óásættanleg hegðun. (sbr. kafla þar að lútandi)*

Í ákveðnum tilfellum getur það verið mat Matvælastofnunar að óforsvaranlegt sé að halda áfram eftirliti við óbreyttar aðstæður. Í einhverjum tilvikum getur það þýtt að stöðva þurfi starfsemi tímabundið. Í öðrum tilfellum getur það þýtt að eftirlitsskýrsla er kláruð á grundvelli þeirra gagna sem fram hafa komið. Þegar svo háttar til er eftirlitsmanni skylt að skrá þau atriði sem ekki var hægt að hafa eftirlit með sem „frávik“. Framhald eftirlits mun þá fara fram á grundvelli verklagsreglna Matvælastofnunar þegar upp koma frávik.

Það er stefna Matvælastofnunar að allt ofbeldi og hótanir um ofbeldi í garðs starfsmanna stofnunarinnar er kært til lögreglu. Er það til viðbótar öðrum aðgerðum sem stofnunin kann að grípa til til að vernda starfsfólk sitt og tryggja því boðlegt starfsumhverfi.

Sjá einnig kafla 3.7 í starfsmannahandbók MAST (S:/Starfsmannahandbók). Lögfræðingar Samhæfingar og þjónustu sjá um kæruferlið.

1.3.4 Framkvæmd skoðunar

- Dagsetning skoðunar skal skráð
- Farið yfir grunnupplýsingar um eftirlitsstaðinn í ÍsLeyfi, s.s.kennitölu og nafn umráðamanns/rekstraraðila, símanúmer, netfang o.fl.
- Skýringar á frávikum skal skrá við viðeigandi skoðunaratriði. Skrá skal hvað er athugavert en ekki tillögur að lausnum
- Forðist deilur, reynið frekar að upplýsa um tilgang
- Við ógnandi framkomu umráðamanns/rekstraraðila ber að hætta skoðun, skrá þá niðurstöðu og ráðfæra sig við næsta yfirmann
- Að lokinni skoðun fer eftirlitsmaður yfir framkomin frávik með umráðamanni/rekstraraðila. Skýringar hans, ef einhverjar eru, skulu skráðar.
- Eftirlitsmaður upplýsir um atriði eins og afhendingu skýrslu, tímamörk á úrbótum frávika o.fl.

1.3.5 Myndatökur

Myndir geta verið gagnlegar og veita oft betri upplýsingar en texti. Hægt er að setja myndir inn á hvert skoðunaratriði sem stuðning við lýsingu á athugasemd. Þar sem skoðun á býli með fjölbreytta starfsemi getur verið yfirgripsmikil er gott að nota myndir til minnis við skrif á skýrslu. Heimilt er skv. 1. mgr. 34.gr. laga um velferð dýra og 30. gr. laga um matvæli að taka myndir á vettvangi. Ávallt skal taka myndir þegar um „Alvarlegt frávik“ er að ræða og aðstæður leyfa. Einnig er hægt að nota myndir sem sönnun þess að athugasemdum hafi verið sinnt og úrbótum lokið.

1.3.6 Skoðunarskýrsla

Þegar skýrslan hefur verið yfirfarin í ÍsLeyfi er hún send til umráðamanns/rekstraraðila í tölvupósti. Skýrslan skal að öllu jöfnu send innan sjö virkra daga frá skoðun. Þegar umráðamaður/rekstraraðili opnar skýrsluna er staðfesting skráð í ÍsLeyf. Ef skýrslan er ekki opnuð innan 7 daga eða ef umráðamaður/rekstraraðili er ekki skráður með netfang er skýrslan prentuð út og send viðkomandi í pósti. Eftirlitsmaður sem skráir og sendir skýrslu er ábyrgur fyrir framkvæmdinni sem kemur fram hér að ofan.

Ef eftirlitsheimsókn og/eða ritun skýrslu tengist ábendingu eða umsókn úr þjónustugátt er númer ábendingar/málsnúmer umsóknar skráð í reitinn ´**Nánari lýsing**´ þegar skýrsla er stofnuð í Ísleyfi.

Mikilvægt er að ávallt sé vandað til orðanotkunar í skoðunarskýrslum þegar vísað er til eftirlitsþega. Álit eftirlitsaðila á aðstæðum eða persónum, annað en faglegt, á ekki erindi í skoðunarskýrslur. Leiðbeiningar MAST, LBE-155 um skráningu í kerfi stofnunarinnar með tilliti til persónuverndar, eru einnig leiðbeinandi hvað þetta varðar.

Vakni grunur eftirlitsmanna í eftirliti um óviðunandi aðstæður sem eru utan starfssviðs MAST en ættu erindi til annarra yfirvalda, ætti að tilkynna það sem fyrst og tryggja að slíkar tilkynningar berist réttum aðilum. Sem dæmi um slíkar aðstæður eru félagsleg vandamál, barnaverndarmál, mansal, umhverfisvandamál (mengun) eða ófullnægjandi brunavarnir.

1.3.7 Næsta skoðun - frestur til úrbóta

Tímasetning næstu skoðunar miðast út frá þeim skoðunaratriðum sem hafa stysta tímafrestinn til úrbóta. Áætluð tímasetning á næstu skoðun, sem getur verið reglubundin eða eftirfylgni, kemur fram á fyrstu síðu skýrslunnar og hefur umráðamaður/rekstraraðili að jafnaði þann tímafrest til úrbóta.

Sé um eftirfylgni að ræða kemur fram á skýrslu áætluð dagsetning eftirfylgniskoðunarinnar. Sé um reglubundna skoðun leitast eftirlitsmaður við að upplýsa umráðamann/rekstraraðila um áætlaða tímasetningu næstu skoðunar. Hafa ber í huga niðurstöður eftirlits og eftirlitsáætlun sem byggð er á áhættumati og grunneftirlitsþörf starfsstöðvarinnar.

1.3.8 Grunur um refsivert brot

Vakni grunur um refsivert brot á velferð dýra skal eftirlitsmaður (skm) MAST meta hvort aðstæður gefa ástæðu og tækifæri til að fara með möntruna við aðila máls (sjá neðar). Skm upplýsir áað-teymi um málið eins fljótt og unnt er. Sjá einnig VLY-002.

Skm upplýsir eftirlitsþega/umráðamann á staðnum um að rökstuddur grunur sé um að viðkomandi hafi gerst sekur um lögbrot (lýst í stuttu máli í hverju það felst) og að honum sé heimilt að neita að svara frekari spurningum eða afhenda gögn og muni um brotið. Jafnframt skal koma fram að brotið getur leitt til álagningar stjórnvaldssekta af hálfu MAST eða kæru til lögreglu (mantra). Umráðamaður er jafnframt beðinn um að undirrita yfirlýsingu (EBL-009) þess efnis að hann þekki rétt sinn og hafi verið kynntir málavextir. Kjósi umráðamaður að tjá sig um málið skal það skráð sem fram kemur og mikilvægt getur talist fyrir málsmeðferð. Skm heldur einu undirrituðu eintaki, umráðamaður öðru. Afrit skm má vera mynd af útfylltu eyðublaði sem, eftir atvikum, sett er inn í málið eftir stofnun þess og/eða vistuð í ÍsLeyfi.

> Eftirfarandi texti skal kynntur umráðamanni/eftirlitsþega (Mantra):
>
> *Grunur er um að hér hafi átt sér stað brot á lögum um velferð dýra. Þér sem umráðamanni er ekki skylt að svara spurningum, tjá þig um málið eða afhenda gögn. Matvælastofnun tekur málið til frekari skoðunar og metur hvort tilefni er til stjórnvaldssektar eða kæru til lögreglu.*

Upplestur möntru fyrir umráðamann (eftirlitsþega) er æskilegur í þeim tilvikum/aðstæðum þar sem aðili er viðstaddur þegar grunur vaknar um brot. Tilgangur möntrunnar er að kynna umráðamanni þann rétt hans að veita ekki upplýsingar á staðnum sem gætu verið honum í óhag.

Gefi aðstæður ekki færi á upplestri möntru, t.d. ef umráðamaður er ekki á staðnum, skal EBL-009 skilið eftir á staðnum. Skm skráir frávikið í ÍsLeyf í viðkomandi skoðunaratriði. Undir flipanum „Handbók“ nær eftirlitsmaður í viðeigandi texta til að setja undir „Athugasemdir“ í skýrslu. Málsatvikum og aðstæðum

skal lýst á greinargóðan hátt, sbr. atriði sem fram koma í LBE-124. Myndir eru teknar ef við á og vitni tiltekin ef einhver eru. Skm hakar við ´senda á ÁAÐ-teymi´ í Ísleyfi. Hann stofnar einnig mál í samræmi við tl. 1 í VLY-045.

1.3.9 Samantekt

Þegar það á við eru helstu niðurstöður eftirlitsmanns teknar saman í lok skýrslugerðar og skráðar í „Aðrar athugasemdir“. Þar er t.d. tekið fram:

- Hvað vel hefur verið gert
- Ábendingar um hvað mætti betur fara
- Áherslur eftirlitsmanns um eftirfylgni – þvingunarúrræði, andmæli veitt á vettvangi o.s.frv.
- Nöfn annarra eftirlitsmanna Matvælastofnunar en skýrsluhöfundar
- Leiðbeinandi umfjöllun um leyfi annarra yfirvalda t.d. heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga á hverjum stað.

Ef grunur vaknar um refsivert brot á velferð dýra skal setja þennan texta inn í skýrslu (s.k. mantra), sjá nánar kafla 1.4.2 Eftirfylgni – Þvingunaraðgerðir og EBL-009:
„Eftirlitsþegi/umráðamaður var upplýstur um að rökstuddur grunur væri um að hann hefði gerst sekur um lögbrot vegna (og nefna skoðunaratriði) og var honum leiðbeint um réttindi sín þess efnis að hann hefði rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni um brotið. Þá var hann jafnframt upplýstur um að brotið gæti leitt til álagningar stjórnvaldsektar af hálfu Matvælastofnunar eða kæru til lögreglu.“

1.3.10 Gjaldtaka

Gjald er tekið fyrir þá þjónustu og þau verkefni sem Matvælastofnun eru falin í lögum og reglugerðum og heimilt er að taka gjald fyrir. Innheimt er fyrir undirbúning, eftirlit/þjónustu og frágang ásamt ferðatíma. Ekki er innheimt hærra tímagjald en 1 klst. vegna aksturs fyrir hvert eftirlit/þjónustu. Innheimt er fyrir hvern hafinn stundarfjórðung. Gjöld eru samkvæmt gildandi gjaldskrá hverju sinni. Gjaldskrá er endurskoðuð fyrir lok hvers árs.

1.3.11 Viðhalds- og úrbótaáætlanir

Athugasemdir sem eru færðar inn í viðhalds- og úrbótaáætlanir úr eigin athugunum umráðamanns/rekstraraðila, metast ekki til frávika, nema þær séu komnar fram yfir áætlaðan tíma eða ef áætlunin ber með sér að ekki sé eftir henni farið varðandi viðhald og úrbætur athugasemda.

Taka skal mið af viðhalds- og úrbótaáætlun í þeim tilvikum þegar unnið er að úrbótum til lengri tíma. Athugasemd sem er þegar á úrbótaáætlun hjá umráðamanni/rekstraraðila, skal skrá á skýrslu sem „Úrbótaáætlun“ ásamt dagsetningu en ekki sem „Frávik“.

1.4. Mat á athugasemdum og eftirfylgni

1.4.1. Mat á athugasemdum og skoðunaratriði

Við skoðun hjá frumframleiðendum verða til tvær skýrslur, ein vegna fóðurs og hollustuhátta (þættir II. og III) og önnur vegna dýravelferðar (þáttur IV). Þetta skýrist af því að ekki er um sambærilega löggjöf að ræða og geta því þvingunar- og refsiúrræði verið mismunandi.

Við skoðun sérhvers skoðunaratriðis skal skrá allar athugasemdir. Athugið að skilgreiningar á „Frávik“ og „Alvarlegt frávik“ er ekki sú sama í þáttum II. fóður og III. hollustuhættir og svo aftur þætti IV. dýravelferð. Í upphafi hvers þáttar er yfirlit yfir skilgreiningar á „Frávik“ og „Alvarlegt frávik“.

1.4.2. Eftirfylgni – þvingunaraðgerðir og refsing

Vinnuferli Matvælastofnunar og afleiðingar:

Í kjölfar skoðunar er vinnulag Matvælastofnunar staðlað og sett hér fram á myndrænan hátt, sjá myndir um „Frávik“ og „Alvarleg frávik“. Þegar málum er vísað til ákvörðunar- og aðgerðateymis stofnunarinnar, er unnið VRF-037 þegar málið varðar mögulegar þvinganir og/eða refsingar vegna frávika í frumframleiðslu eða alvarlegra brota á dýravelferð.

Frestir til að bæta úr atriðum vegna „Alvarlegra frávika“ eru stuttir, geta verið nokkrar klukkustundir, fáeinir dagar eða vikur og aldrei lengri en tilgreindir eru á myndinni. Að jafnaði eru hámarksfrestir nýttir þegar úrbætur eru hafnar en ekki lokið að fullu.

Matvæli og fóður

Ef ekki er brugðist við þeim athugasemdum sem gerðar hafa verið bendir eftirlitsmaður á að samkvæmt verklagi Matvælastofnunar verður gripi til þvingunarúrræða sbr. 30. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

Samkvæmt 20. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli er framleiðsla og dreifing matvæla háð leyfi Matvælastofnunar. Stofnuninni er heimilt að stöðva starfsemi að hluta eða í heild ef um er að ræða starfsemi sem rökstuddur grunur er um að valdi því að matvæli séu heilsuspillandi og óhæf til neyslu eða valdi tjóni á öðrum hagsmunum, sbr. 1. mgr. 30. gr. laganna og/eða stunduð án tilskilins leyfis, sbr. 2. mgr. 30. gr. laganna.

Dýravelferð

Matvælastofnun beitir þvingunum til að þvinga fram úrbætur og beitir stjórnvaldssektum sem refsingu fyrir framin brot, heimilt er að leggja á stjórnvaldssekt strax við fyrsta brot. Refsing getur einnig leitt til kæru til lögreglu.

<u>Þvinganir til að ná fram úrbótum geta verið eftirfarandi:</u>

- *Dagsektir, allt að kr. 100.000,- á dag*
- *Takmörkun eða stöðvun starfsemi að hluta- eða öllu leyti*
- *Handlagning tækja og tóla*
- *Verk unnið á kostnað eiganda*
- *Vörslusvipting hluta eða allra dýra*

<u>Stjórnvaldssektir eru refsing fyrir framið brot og geta verið:</u>

- *Allt að kr. 1.000.000,-, allt eftir þeim áhrifum sem brotið hefur á dýrið, fjölda dýra sem brotið er á og hversu lengi brotið hefur varað.*
- *Sé um hagnaðarbrot að ræða er heimilt að sekta um allt að kr. 5.000.000,-.*

Matvælastofnun birtir almennar fréttir um álagningu dagsekta og ákvarðanir um stjórnvaldssektir. Stofnunin afhendir upplýsingar um dýrahald í atvinnuskyni þegar það varðar hagsmuni almennings og er ekki andstætt lögum.

Ef ekki verður brugðist við þeim athugasemdum sem gerðar hafa verið bendir eftirlitsmaður á að samkvæmt verklagi Matvælastofnunar verði gripið til þvingunarúrræða sbr. 35. gr. (stöðvun starfsemi), 36. gr. (dagsektir og úrbætur á kostnað umráðamanns) 37. gr. (vörslusvipting dýra og haldlagning) eða refsingar sbr. 42. gr. (stjórnvaldssektir) laga um velferð dýra nr. 55/2013.

Samkvæmt 44. gr. laga um velferð dýra má með dómi svipta aðila heimild til að hafa dýr í sinni umsjá, versla með þau eða sýsla með þau með öðrum hætti, hafi hann gerst sekur um stórfellt eða ítrekað brot á lögum um velferð dýra eða reglugerðum settum með stoð í þeim.

Heimilt er skv. 40. gr. laga nr. 55/2013, að krefja umráðamann dýra og aðila sem er ábyrgur fyrir starfsemi sem lögin ná til um endurgreiðslu kostnaðar vegna ákvæða 37.-39. gr. og 44. gr..

Andmæli veitt á staðnum í þeim tilfellum þegar frestur sem veittur er til úrbóta er styttri en hefðbundinn 14 daga frestur.

Farið er yfir skoðunarskýrslu með umráðamanni/rekstraraðila og honum gerð grein fyrir niðurstöðum og hvaða kröfur stofnunin hyggst gera varðandi úrbætur og tímafrest. Því næst er umráðamaður/rekstraraðili upplýstur um andmælarétt sinn og honum gefin kostur á að koma þeim á framfæri.

Meðalhófsreglan

Hafa verður hliðsjón af þeirri meginreglu stjórnarfarsréttarins, að stjórnvald skuli ekki fara strangar í sakir en nauðsynlegt er til að leysa það viðfangsefni, sem stjórnvaldinu er falið.

Meginsjónarmiðin að baki reglunni eru þau að stjórnvaldi sé ekki aðeins skylt að líta til þess markmiðs sem starf þess stefnir að, heldur beri því einnig að taka tillit til hagsmuna og réttinda þeirra aðila sem athafnir stjórnvalda og valdbeiting beinist að. Ber stjórnvöldum að fara ákveðinn meðalveg á milli þessara andstæðu sjónarmiða.

Þetta þýðir að áður en stjórnvald tekur ákvörðun um þvingunarúrræði verður stjórnvaldið að hafa gengið úr skugga um að markmiðum laganna verði ekki náð með öðru eða vægara móti.

Vinnulag Matvælastofnunar varðandi “Frávik” er varðar dýrahald.
Á bæði við um aðbúnað dýra og matvælaframleiðslu



Vinnulag Matvælastofnunar varðandi “Alvarlegt frávik” er varðar dýrahald.
Á bæði við um aðbúnað dýra og matvælaframleiðslu



II. þáttur - Fóður

1. Inngangur

1.1. Lagagrunnur

Lög nr. **22/1994** um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru eru lögð til grundvallar í II. þætti eftirlitshandbókarinnar.

Reglugerðir sem stuðst er við í II. þætti eftirlitshandbókarinnar eru eftirfarandi:

- Reglugerð nr. **107/2010** um gildistöku reglugerðar EB nr. **183/2005** um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður
- Reglugerð nr. **102/2010** um gildistöku reglugerðar EB nr. **178/2002** um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla
- Reglugerð nr. **674/2017** um gildistöku reglugerðar EB nr. **1069/2009** um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og reglugerðar EB nr. **142/2011** um framkvæmd reglugerðar EB nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis

1.2. Mat á athugasemdum við skoðunaratriði

Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

LS = Lagfært á staðnum:
Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvikið það lítilfjörlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

F = Frávik:
Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem með óbeinum hætti getur leitt til framleiðslu óöruggra matvæla, en það eru matvæli sem eru álitin heilsuspillandi og / eða óhæf til neyslu.
Úrbætur verða metnar í næstu reglubundnu skoðun eða að loknu næsta áætlaða vinnslu- og viðgerðarstoppi. Athugasemdin leiðir að öllu jöfnu ekki til sérstakrar eftirfylgni.

A = Alvarlegt frávik:
Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem með beinum hætti getur leitt til framleiðslu matvæla sem eru álitin heilsuspillandi.
Úrbótum skal ljúka innan uppgefins frests sem er að hámarki einn mánuður. Ef athugasemdin gefur tilefni til er gripið til þvingunarúrræða strax, samkvæmt VLY-051. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

ÚÁ = Sett á úrbótaáætlun:
Þegar athugasemd sem er **fyrir á skýrslu** og búið er að setja á úrbóta- og/eða viðhaldsáætlun er merkt við „Sett á úrbótaáætlun“, auk þess er sett inn dagsetning á hvenær fyrirhuguðum úrbótum eða viðhaldi verði lokið.

4. Byggingar og búnaður

4.22. Meindýr / smitvarnir

Tilvísun: III. viðauki reglugerðar nr. 183/2005/EB (107/2010) um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður.

4.22.1. Meindýr / smitvarnir

Tryggja skal að meindýr komist ekki í fóður til að halda hugsanlegri mengun í lágmarki.

Eitur má ekki nota í sama rými og fóður er geymt t.d. í hlöðum eða fóðurgeymslum.

- Eru meindýravarnir viðhafðar til að fyrirbyggja að meindýr komist í fóður?
- Kannið hvort gildrur og/eða eitur sé á staðnum
- Kannið hvort megi sjá ummerki um meindýr (t.d. mýs, rottur, fugla eða skordýr) í fóðri. Ef eitur er notað, hefur viðkomandi hlotið þjálfun og leyfi til notkunar eiturs? Skoða staðfestingu þess efnis.
- Kanna samning við meindýraeyði eða kvittun (láta senda eftirlitinu eftir á ef kvittun/samningur er ekki á staðnum)

4.23. Þrif

Tilvísun: III. viðauki reglugerðar nr.183/2005/EB (107/2010) um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður.

4.23.1. Verklag þrifa

Umráðamaður/rekstraraðili skal halda hreinni aðstöðu, búnaði, ílátum, grindum og farartækjum, sem eru notuð til að geyma og flytja fóður, og sótthreinsa á viðeigandi hátt að lokinni hreinsun ef nauðsyn krefur.

Fóður- og brynningarbúnaður skal hannaður og komið fyrir þannig að auðvelt er að halda hreinu og mengun fóðurs og vatns sé í lágmarki.

- Kannið hvort fóðurgjafar- og brynningarbúnaður sé þrifinn reglulega
- Kannið hvort umgengni í fóðurgeymslum sé ásættanleg
- Eru fóðurgeymslur yfirbyggðar og heilar?
- Fóðurrestar fjarlægðar jafnóðum?

4.26. Aukaafurðir úr dýrum, úrgangur og/eða mengandi efni.

Tilvísun: 21. gr. reglugerðar nr. 1069/2009/EB um reglur um aukaafurðir úr dýrum og VIII. viðauki reglugerðar nr. 142/2011/EB um framkvæmd reglugerðar nr. 1069/2009/EB.

4.26.1. Verklag við aukaafurðir úr dýrum (ABP), úrgang og/eða mengandi efni

Umráðamaður skal geyma og meðhöndla úrgang, spilliefni og hættuleg efni (t.d. olíur, rafgeyma og hreinsiefni) á aðskilinn og öruggan hátt þannig að ekki hljótist mengun af.

- Er aðstaða til förgunar úrgangs fullnægjandi (t.d spilliefni, hræ o.s.frv.)?
- Kannið hvort úrgangi og dýrahræjum er fargað reglulega og hvernig því er háttað, t.d. hvaða fyrirtæki sér um að fjarlægja úrgang

5. Vörumeðferð

5.24. Umbúðir / beit

Tilvísun: III. viðauki reglugerðar nr. 183/2005/EB (107/2010) um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður.

5.24.2. Aðskilnaður í geymslu og meðferð fóðurs

Geyma skal lyfjablandað fóður þannig að dregið sé úr hættu á því að það sé gefið dýrum sem það er ekki ætlað. Það á t.d. við um eldisfóður kjúklinga með hnislalyf. Til að koma í veg fyrir mengun skal meðhöndla fóður, sem er ekki lyfjablandað, aðskilið frá lyfjablönduðu fóðri.

Fóður má ekki geyma í óviðeigandi rými (t.d. salerni, hreinsiefnageymsla, verkfærageymsla og verkstæði).

- Athugið verklagsreglur um hvernig er komið í veg fyrir að eldisfóður kjúklinga með hnislalyfi mengi ekki lyfjalaust lokafóður. Það á sérstaklega við á þeim búum þar sem einungis er til eitt síló fyrir báðar tegundir fóðurs. Athugið hvort síló sé tæmt áður en lyfjalaust fóður er sett í sama síló til að tryggja aðskilnað. Athugið verklag tengd fóðurrestum í fóðurtrogum meðan á útskolun stendur en ef fóðurrestar eru til staðar í botni troga geta þeir innihaldið lyfjablandað eldisfóður.
- Athugið hvort að fóður sé geymt á öðrum stöðum en í fóðurgeymslu, t.d. vegna plássleysis, og hvort þeir staðir uppfylli kröfur

6. Framleiðslustjórnun

6.21. Móttaka

Tilvísun: 1. kafli A- og B-hluti I. viðauki reglugerðar nr. 183/2005/EB (107/2010)

6.21.1. Skráningar við móttöku

Til að tryggja rekjanleika skal umráðamaður/rekstraraðili bús halda skrár um uppruna og magn fóðurs sem keypt er inn.

- Skoðið hvaðan býlið kaupir fóður. Eru birgjar býlisins skráðir eða samþykktir?
- Er til skrá yfir hvaðan og hversu mikið er keypt af fóðri?
- Er til skrá yfir hvert og hversu mikið er afhent af fóðri? Skoða skrár. Athuga sérstaklega hvort býlið kaupir óvanalegt fóður og hvort það sé frá skráðri starfsstöð, t.d. saltaðar fiskafurðir, brauð, ávextir, grænmeti og fleira af slíku tagi og hvort kjötafurðir kunna að leynast í fóðrinu.
- Er aðkeypt fóður merkt? Skoða merkimiða, er nafn fóðurs, framleiðanda, samþykkisnúmer, magn og innihaldslýsing á miðanum á íslensku?

III. þáttur – Hollustuhættir við eggja- og kjötframleiðslu

1. Inngangur

1.1. Lagagrunnur

Lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir eru lögð til grundvallar í III. þætti eftirlitshandbókarinnar.

- Reglugerð nr. 102/2010 um gildistöku reglugerðar EB nr. 178/2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla.
- Reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar EB nr. 852/2004 um hollustuhætti er varða matvæli, I. viðauki A-hluti, fjallar um almenn ákvæði um hollustuhætti við frumframleiðslu og tengda starfsemi.
- Reglugerð nr. 916/2012 um merkingar búfjár.
- Reglugerð nr. 1011/2011 um gildistöku reglugerðar EB nr. 2160/2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum.
- Reglugerð nr. 1048/2011 um vöktun súna (sjúkdóma sem smitast á milli manna og dýra) og súnuvalda.
- Reglugerð nr. 539/2000 um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum.
- Reglugerð nr. 1266/2017 um lyfjaávísanir og afhendingu lyfja.
- Reglugerð nr. 260/1980 um útbúnað alifuglasláturhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðisskoðun
- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

1.2. Mat á athugasemdum við skoðunaratriði

Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

LS = Lagfært á staðnum:
Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvikið það lítilfjörlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

F = Frávik:
Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem með óbeinum hætti getur leitt til framleiðslu óöruggra matvæla, en það eru matvæli sem eru álitin heilsuspillandi og / eða óhæf til neyslu.
Úrbætur verða metnar í næstu reglubundnu skoðun eða að loknu næsta áætlaða vinnslu- og viðgerðarstoppi. Athugasemdin leiðir að öllu jöfnu ekki til sérstakrar eftirfylgni.

A = Alvarlegt frávik:
Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem með beinum hætti getur leitt til framleiðslu matvæla sem eru álitin heilsuspillandi.
Úrbótum skal ljúka innan uppgefins frests sem er að hámarki einn mánuður. Ef athugasemdin gefur tilefni til er gripið til þvingunarúrræða strax, samkvæmt VLY-051. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

ÚÁ = <u>Sett á úrbótaáætlun</u>:
Þegar athugasemd sem er **fyrir á skýrslu** og búið er að setja á úrbóta- og/eða viðhaldsáætlun er merkt við „Sett á úrbótaáætlun“, auk þess er sett inn dagsetning á hvenær fyrirhuguðum úrbótum eða viðhaldi verði lokið.

2.3. Leyfi

2.31. Samþykki / leyfi

Tilvísun: 20. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

2.31.1. Leyfi/skráning Matvælastofnunar

- Leyfisskírteini frá Matvælastofnun er í gildi nema um sé að ræða úttekt vegna umsóknar á starfsleyfi.
- Engin önnur starfsemi á sér stað en sú sem leyfi fyrirtækisins nær yfir.
- Eigendur fyrirtækisins eru þeir sömu og áður.

3. Starfsfólk

3.32. Hreinlæti / heilsa

Tilvísun: III. kafli reglugerðar nr. 852/2004/EB (103/2010). Kafli 12.2. í landsáætlun Matvælastofnunar um varnir og viðbrögð við salmonellu í alifuglum.

3.32.1. Verklag fræðslu og þekkingar

Alifuglaframleiðendur skulu taka mið af leiðbeiningum um góðar starfsvenjur sem vísað er til í III. kafla reglugerðar (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli, sem innleidd var með reglugerð nr. 103/2010.

Með reglum góðar starfsvenjur skal koma í veg fyrir smit með sjúkdómsvöldum í alifugla sem síðar geta borist í afurðir, t.d. *Salmonella.*

- Eftirlitsmaður kannar hvaða reglur liggja fyrir um góðar starfsvenjur
- Eftirlitsmaður kannar hvort starfsfólk á búinu hafi fengið fræðslu um góðar starfsvenjur og mikilvæg atriði sem snúa að hreinlæti og hollustuháttum.
- Eftirlitsmaður getur sannreynt það með því að leggja mat á umgengisreglur/smitvarnir.

3.32.2. Hlífðarfatnaður ofl.

Þeir sem fást við meðhöndlun eggja skulu klæðast hentugum hreinum fatnaði.

3.32.5. Handþvottur / salerni

Starfsfólk sem meðhöndlar egg skal gæta fyllsta persónulegs hreinlætis.

Það skal vera til staðar handþvottaaðstaða, sem skal vera búin blöndunartæki, sápu og einnota handþurrkum (eða hreinum handklæðum).

4. Byggingar og búnaður

4.31. Vatn

Tilvísun: A-hluti I. viðauka reglugerðar nr. 852/2004/EB (103/2010).

4.31.1. Verklag vegna vatns

Drykkjarvatn alifugla skal vera hreint. Vatnsgæðin geta breyst frá vatnsinntökum í gegnum lagnir að enda brynningarkerfis. Í stórum húsum geta lagnir verið langar. Meiri hætta er á myndun á biófilmu í lögnum þegar vatnsrennsli er lítið og meiri hiti er í húsinu, t.d. þegar fuglarnir eru ungir.

- Eftirlitsmaður getur metið gæði drykkjarvatns með því að taka vatn inni í húsinu úr enda af lögninni í hreint ílát, og hann getur það borið saman við vatn við inntök í húsið. Hann metur eftirfarandi þættir hvort þeir séu góðir/í meðallagi eða ekki góðir:
    1. *Litur (gefur vísbendingu um járn í vatninu)*
    2. *Lykt (gefur vísbendingu um ammoníak, bakteríumengun)*
    3. *Gegnsæi (gefur vísbendingu um járn, ammoníak)*
    4. *Botnfellingar (gefur vísbendingu um bakteríumengun, mengun með E. coli)*
    5. *Járn útfellingar*
- Eftirlitsmaður kannar hvort vatnið sé nothæft til brynningar (skoða t.d. frágang og staðsetningu á borholu/einkaveitu).
- Er brynningarbúnaður uppsettur/staðsettur með tilliti til þess að koma í veg fyrir að drykkjarvatn mengist?
- Séu varphænur haldnar í lausagönguhúsum með fleiri hæðum, skal ganga úr skugga um að ekki geti fallið drit af efri hæðum á brynningarkerfi.
- Dýr sem eru haldin úti skulu einnig hafa aðgang að hreinu drykkjarvatni.

Þar sem egg eru þvegin (frumframleiðsluvara er meðhöndluð) er ekki lengur um frumframleiðslu að ræða. Sá sem þvær egg fyrir dreifingu skal hafa starfsleyfi frá Matvælastofnun til þvotta og pökkunar á eggjum. Sjá leiðbeiningar LBE-062 um skoðun á eggjapökkunarstöðvum.

4.32. Meindýr og umhverfi

Tilvísun: A-hluti I. viðauka reglugerðar nr. 852/2004/EB (103/2010).

4.32.1. Umhverfi útihúsa

Umhverfi alifuglahúsa og viðkomandi bygginga skal vera með þeim hætti að smitefni berist ekki auðveldlega inn í þau, né að þau dragi að sér smitbera s.s. nagdýr, skordýr eða fugla.

- Gróður meðfram húsveggjum og í nánast umhverfi hússins skal haldinn í lágmarki. Það skiptir sérstaklega máli þar sem endurtekið greinist salmonella í fuglahúsi.
- Farartæki sem koma með fóður og önnur aðföng og flytja afurðir, dýr eða aðrar vörur að og frá búinu skulu geta ekið á malarbornu eða föstu undirlagi.

4.32.2. Meindýravarnir

Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að mengun hljótist af dýrum og skaðvöldum. Gripahús skulu varin skordýrum og meindýrum með viðurkenndum aðgerðum eða efnum sem má nota í matvælaframleiðslu/gripahúsum.

Eiturefni eru að jafnaði ekki leyfð til notkunar innandyra í matvælaframleiðslu. Meindýraeitur á ekki að vera í eggjarými eða í námunda við fóður.

- Eftirlitsmaður getur athugað með hvaða hætti búið er varið meindýrum og skordýrum. Ef það er til samningur við meindýraeyði getur eftirlitsmaður metið fjöldi heimsókna. Ef varnir eru í höndum umsjónarmanns gripa getur eftirlitsmaður kannað hvort framkvæmd meindýravarna sé nægileg.
- Ef fuglahús er opið skal eftirlitsmaður meta hættu á að meindýr komist inn í húsið.

4.33. Þrif

Tilvísun: A-hluti I. viðauka reglugerðar nr. 852/2004/EB (103/2010), 1. kafli X. þáttur III. viðauka reglugerðar nr. 853/2004/EB (104/2010).

4.33.1. Búnaður í snertingu við hráefni

Á við um eggjaframleiðslu

Á foreldrafuglabúum geta fallið til frjóegg sem verður dreift til manneldis en eru ekki notuð til útungunar. Frjóegg eru hæf til neyslu, skv. sömu reglum um hollustuhætti sem gilda í framleiðslu neysleggja á varphænsnabúum.

Egg skulu vera þurr og eðlilega hrein og varin gegn hverskonar óhreinindum eða mengun.

Gólfegg (egg sem eru ekki orpin í varpkassa hjá lausagönguhænum) skulu vera eðlilega hrein ef þau eru ætluð til neyslu. Til þess skal undirburðurinn vera þurr og laus.

- Eftirlitsmaður kannar hreinlæti alls búnaðar sem kemst í snertingu við egg, hvort sem er í varphúsinu eða í eggjamóttöku eða eggjageymslurými. Hér er átt við varpkassa, færibönd, vinnuborð og umbúðir. Hann getur metið þrif t.d. með því að biðja um upplýsingar um þrifaáætlanir eða gögn sem sýna fram á það að búnaðurinn sé reglulega þrifinn, og með hvaða hætti.
- Umbúðir skulu vera þurrar og hreinar. Ef margnota umbúðir eru notaðar skulu þær þrifnar og sótthreinsaðar eftir hverja notkun.

4.33.2. Búnaður ekki í snertingu við hráefni

Á við um eggjaframleiðslu

Rými þar sem egg eru meðhöndluð og geymd skulu vera vel umgengin, snyrtileg og laus við framandi óþef.

Egg skulu flutt í hreinum flutningstækjum.

4.33.3. Þrif á byggingum og búnaði

Alifuglar skulu hafðir í hreinu og heilbrigðu umhverfi. Mikilvægt er að halda í lágmarki hættu á smiti, t.d. með *Salmonella*, með þrifum og sótthreinsun milli hópa.

- Eftirlitsmaður kannar verklagsreglur við þrif og sótthreinsun.
- Eftirlitsmaður kannar hvaða ráðstafanir eru gerðar þegar smit kemur upp.
- Ef eftirlit er framkvæmt þegar hús/stía er tómt getur eftirlitsmaður kannað árangur þrifa.
- Ef *Salmonella* eða önnur smitefni hafa borist milli hópa (endurtekið smit í húsinu), skal eftirlitsmaður kanna hvernig húsið er þrifið og sótthreinsað og hvort það sé í samræmi við eðlileg ferli um þrif og sótthreinsun á smituðum húsum.

4.35. Hönnun starfsstöðvar

Tilvísun: 4. gr. I. viðauka A. hluta reglugerðar nr. 852/2004/EB (103/2010) og 1. kafli X. þáttur III. viðauka reglugerðar nr. 853/2004/EB (104/2010).

4.35.1. Hönnun starfsstöðvar: eggjageymsla

Á við um eggjaframleiðslu.

Egg skulu geymd, þar til þau eru seld neytendum, á athafnasvæði framleiðanda, hrein, þurr, laus við framandi óþef og varin gegn höggum og sólarljósi.

Egg skulu meðhöndluð og geymd í sérstöku húsi/herbergi. Það skal vera aðskilið frá húsnæði þar sem dýr eru haldin. Það skal vera hægt að þrífa eggjarými án þess að menga egg. Loft, gólf, veggir og hurðir skulu gerð úr efnum sem auðvelt er að þrífa og sótthreinsa. Gólf skulu vera steinsteypt og vatnsheld með nægum vatnhalla þannig að vatn safnist ekki í polla.

Egg skulu geymd við stöðugt hitastig. Eftirlitsmaður metur hvort bygging og búnaður sé hæft til að tryggja stöðugt hitastig í eggjageymslu allan ársins hring. Þess er ekki krafist að egg séu geymd í kæli.

Egg skulu flutt í hreinum flutningstækjum sem eru auðþrifaleg. Í flutningi skulu egg varin gegn rigningu og sólarljósi.

Umbúðir eggja skulu geymdar á þurrum hreinum stað.

4.35.2. Hönnun starfsstöðvar: fuglahús

Hönnun og viðhald á veggjum, lofti og gólfi í fuglahúsi skal vera fullnægjandi til að halda aðstöðunni hreinni og til að auðvelda þrif.

- Eftirlitsmaður kannar hvort bleyta finnst á gólfi vegna þessa að gólfhalli er ekki réttur.
- Á búum þar sem dýrin hafa aðgang að útisvæði getur eftirlitsmaður kannað hvort svæðið sé hannað til að koma í veg fyrir að dýrin óhreinkist.
- Eftirlitsmaður kannar hvort mengun og óþrifnaður berist frá hauggeymslu.

4.35.4. Lýsing

Á við um eggjaframleiðslu.

Lýsing í rými þar sem egg eru meðhöndluð skal vera nægjanleg.

5. Vörumeðferð

5.32. Aðskilnaður

Tilvísun: A-hluti I. viðauka reglugerðar nr. 852/2004/EB (103/2010) og 1. kafli X. þáttur III. viðauka reglugerðar nr. 853/2004/EB (104/2010).

5.32.1. Aðskilnaður

Brotin egg (lekegg), elduð egg og egg sem hafa verið í útungunarvél (incubated egg) eru ekki „egg“, samkvæmt skilgreiningu reglugerðar nr. 853/2004/EB.

Tryggt skal að spilltum og/eða lyfjamenguðum eggjum sé haldið frá. Tryggja skal rekjanleika.

- Eftirlitsmaður fylgist með að eingöngu egg skv. skilgreiningu séu notuð til manneldis.
- Eftirlitsmaður kannar hvort egg með sprungna skurn séu notuð til framleiðslu á eggjaafurðum. Í þeim tilfellum skulu þau flutt beint til viðurkenndrar starfsstöðvar þar sem þau eru brotin eins fljótt og unnt er.
- Eftirlitsmaður kannar hvernig spilltum eggjum og hræjum eru fargað.

5.33. Dýr – sjúkdómar / lyf

- **Tilvísun: A-hluti I. viðauka reglugerðar nr. 852/2004/EB (**103/2010**) um hollustuhætti er varða matvæl**i, **reglugerð nr. 1266/2017** um lyfjaávísanir og afhendingu lyfja**, reglugerð nr. 539/2000 um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum og 13. gr. reglugerðar nr. 916/2012 um merkingar búfjár.**

5.33.1. Sjúkdóma- og lyfjaskráning

Rétt notkun dýralyfja og frestur til afurðanýtingar eru mikilvægir þættir til að fyrirbyggja að lyfjamengaðar afurðir fari á markað.

Rekstraraðili ber ábyrgð á því að sjúkdóma- og lyfjaskráningar séu gerðar, til þess getur hann notið aðstoðar dýralæknis. Rekstraraðili verður að vita og skrá afurðanýtingafrest fyrir öll lyf sem hann og/eða dýralæknir gefur.

Í sjúkdóma- og lyfjaskráningum skal eftirfarandi koma fram:

- Dagsetning, hvenær lyfið er notað
- Rekjanleikanúmer fuglahóps
- Sjúkdómsgreining
- Hvaða lyf er notað
- Hvernig á að nota lyfið (í æð, vöðva, kjaft)

- Bann við afurðanýtingu á afurðum

Á heimasíðu Matvælastofnunnar má sjá dæmi um heilsukort sem stofnunin samþykkir – sjá Lyfjaskráningar úr lyfjageymslu – Heilsukort fyrir búfé

- Eftirlitsmaður fylgist með hvort dýralyf séu notuð á réttan hátt og hvort afurðanýtingarfrestir séu skráðir og virtir. Eftirlitsmaður fer yfir lyfja- og sjúkdómaskráningar. Hann getur rakið dæmi.
- Eftirlitsmaður fylgist með hvort notuð séu lyf sem innihalda ólögleg efni sem bannað er að gefa dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis. Eftirlitsmaður er vakandi fyrir notkun lyfja sem hvorki eru markaðssett né á undanþágu hér á landi (smygluð).

Dýralæknir sem notar eða afhendir undanþágulyf (óskráð eða mannalyf) ber ábyrgð á notkuninni og afurðanýtingarfresti. Þessar upplýsingar, notkunarleiðbeiningar og afurðanýtingarfrestur skulu koma fram á áritunarmiða lyfjanna.

Við brot á reglugerðum er varðar merkingar dýralæknis á afhentu lyfi og heimild dýralækna um ávísun á dýralyfi skal skrá á gátlista og upplýsa sérfræðing lyfjamála hjá Matvælastofnun þar um. Slíkt brot er ekki skráð sem frávik á rekstraraðila. Finnist ólöglegt lyf ber eftirlitsmanni að leggja hald á það og skrá það við skoðunaratriðið, útrunnin lyf eða vanmerkt lyf teljast ekki til ólöglegra lyfja.

Ef útrunnin lyf finnast skal eftirlitsmaður hvetja rekstraraðila til að farga lyfinu rétt, t.d. skila til förgunar. Afhendi rekstraraðili eftirlitsmanni útrunnin lyf telst það „lagfært á staðnum“.

7. Neytendavernd

7.31. Rekjanleiki

Tilvísun: Reglugerð nr. 916/2012 um merkingar búfjár.

7.31.2. Hjarðbók

Allir alifuglahópar skulu auðkenndir með rekjanleikanúmeri við útungun, en það er útungunarstöðin sem auðkennir ungahóp sem hún afhendir. Við flutning fuglahópa í önnur hús breytist rekjanleikanúmer eftir því í hvaða húsi hópurinn er haldinn.

Eftirfarandi upplýsingar skal skrá í hjarðbók alifugla:

a) *Alla flutninga til og frá eldishúsinu eða faraldsfræðilega einingu, bæði varanlega og tímabundna.*
b) *Dagsetningu dauða eða slátrunar.*
c) *Nafn og heimilisfang sendanda og móttakanda.*
d) *Fjölda dýra sem flutt/seld eru, með rekjanleikanúmeri.*
e) *Dagsetningu flutnings.*
f) *Nafn og kennitölu flutningsaðila.*

Eldri upplýsingar um fyrri hópa í viðkomandi húsi geta verið geymdar hjá stjórnanda fyrirtækis, en ekki er gerð krafa um að geyma þær í fuglahúsinu.

- Eftirlitsmaður getur beðið um afhendingu gagna um flutning til og frá húsinu fyrir ákveðið tímabil, ef hann vill fullvissa sig um að hjarðbók sé fullnægjandi.

7.31.3. Úrbætur

Þetta skoðunaratriðið á við um úrbætur á frávikum í II. og III. þátt.

- Undir þessum lið eru metnar þær úrbætur sem gerðar eru undir viðkomandi eftirlitsstað.
- Ef frávik sem gert hefur verið við skoðunaratriði í skoðun hefur ekki verið lagfært við eftirfylgni eða næsta reglubundna eftirlit, skoðast það sem **Alvarlegt frávik** undir þessum lið, samanber kafla 1.4. Mat á athugasemdum og eftirfylgni. **Dómur í þessu skoðunaratriði er alltaf Alvarlegt frávik**.
- Í því skyni að uppfylla allar kröfur sem til þeirra eru gerðar skulu leyfishafar framkvæma úrbætur innan tiltekinna fresta og laga þau atriði sem voru ekki í lagi við fyrri skoðanir. Viðhalds- / úrbótaáætlun sem inniheldur eðlilega tímafresti og er virk, telst vera jafngild því að úrbætur hafi verið gerðar hvað varðar dóm.

7.34. Eftirlit með örverum

Tilvísun: Reglugerð nr. 1011/2011 um varnir gegn salmonellu og öðrum súnum sem berast með matvælum. Reglugerð nr. 260/1980 um útbúnað, alifuglasláturhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðisskoðun, með síðari breytingum.

7.34.1. Eftirlit með salmonellu

Matvælastofnun hefur gefið út Landsáætlun um varnir og viðbrögð (LÁVV) við salmonellu í alifuglum og alifuglaafurðum. Sýnatökur eru misjafnar eftir því um hvaða framleiðslu og aldur fugla er að ræða. Matvælastofnun hefur gefið út leiðbeiningar um sýnatökur eftir því sem við á.

Í eftirliti með salmonellu þarf smiteiningin að vera skilgreind á hverjum stað. Það getur verið óljóst í sumum tilfellum, t.d. þegar eldisrými eru illa aðskilin. Skv. reglugerð er fuglahópurinn skilgreindur sem hér segir: *Allir alifuglar við sama heilbrigðisástand sem haldnir eru í sama húsnæði eða innan sömu girðingar og mynda eina faraldsfræðilega einingu. Ef um er að ræða alifugla sem hafðir eru í húsi eru taldir með allir fuglar sem deila sama loftrými.*

Allar niðurstöður eftirlits með salmonellu þurfa að vera skráðar hjá rekstraraðila. Ekki er gerð krafa um að skráningar séu geymdar á hverri starfsstöð, þær geta verið vistaðar hjá stjórnanda fyrirtækis. Matvælastofnun fær venjulega afrit af salmonellusýnum úr alifuglum sem hafa verið rannsökuð á Keldum eða hjá Matís (ef rekstraraðili veitir rannsóknastofu heimild til þess) og getur eftirlitsmaður leitað upplýsinga hjá dýralækni alifuglasjúkdóma; en þrátt fyrir það er skráningarskyldan hjá rekstraraðila.

- Eftirlitsmaður kannar hvernig rekstraraðili skilgreinir smiteiningar á fleiri hópum á sama búi. Nú getur rekstraraðili hugsanlega ákveðið að skilgreina fáar smiteiningar, vegna hagræðingar á sýnatökum. Þá þarf eftirlitsmaður að meta áhrif á næmi sýna, hvort næmið getur minnkað, og hann getur gert athugasemd með tilvísun í skilgreininguna á fuglahópi. Dæmi eru til þar sem fleiri en ein smiteining eru skilgreindar innan sömu veggja, t.d. ef fuglar eru aðskildir með lágum veggjum. Þar sem næmi sýna líklega eykst (fleiri sýni tekin), er það í samræmi við LÁVV og í lagi.
- Eftirlitsmaður kannar hvort sá sem tekur sýni hefur fengið tilsögn eða þjálfun.
- Eftirlitsmaður fullvissar sig um að sýni séu rétt tekin.
- Eftirlitsmaður kannar frágang sýna, og hvort rétt útfyllt rannsóknarbeiðni fylgi hverju sýni. Hann kannar hvort sýni séu merkt með réttu rekjanleikanúmeri fuglahóps.

- Eftirlitsmaður leggur áherslu á að skoða skráningar á sýnatökum á varphænsna- og stofnfuglabúum. Hann metur hvort sýni séu tekin skv. LÁVV, þar með talið hvort opinber sýni hafa verið tekið skv. LÁVV. Ef skráningar eru geymdar hjá stjórnanda fyrirtækis, en ekki í starfsstöðinni, getur eftirlitsmaður beðið um afhendingu niðurstaðna fyrir ákveðið tímabil. Í hópum varphæna er lagt til að skoða a.m.k. niðurstöður s.l. 52 vikur.

7.34.2. Eftirlit með Campylobacter

Matvælastofnun hefur gefið út Landsáætlun um varnir og viðbrögð (LÁVV) við Campylobacter í alifuglarækt. Vöktunin tekur til alifugla til slátrunar, og ef ætlað er að dreifa afurðum hópsins ófrystum og óhitameðhöndluðum. Matvælastofnun hefur gefið út leiðbeiningar um sýnatökur sem er að finna á vefsíðu MAST (http://mast.is/dyraheilbrigdi/eftirlit/alifuglaraekt/).

Smiteiningarnar þurfa að vera skilgreindar og gilda sömu reglur og lýst er í kafla 7.34.1. Eftirlit með salmonellu.

Við eftirlit í frumframleiðslu er skoðað með hvaða hætti sýni eru tekin á staðnum. Í sláturhúsum er síðan fylgst með hvort sýni hafi verið tekin og hver viðbrögðin voru, ef sýni hafa ekki verið tekin. Einnig er í sláturhúsum fylgst með hvort sýni hafi verið tekin á réttum tíma.

- Mikilvægt er að eftirlitsmaður fullvissi sig um að sýni séu rétt tekin, t.d. með því að horfa á framkvæmd sýnatöku. Ólíkt sýnatökum vegna eftirlits með salmonellu, þá er ekki gerð krafa um þjálfun starfsfólks fyrir sýnatökur vegna eftirlits með Campylobacter. En sýnin skulu rétt tekin engu að síður.
- Eftirlitsmaður kannar frágang sýna, og hvort rannsóknarbeiðni fylgi og sé rétt útfyllt. Hann kannar hvort sýni séu merkt með réttu rekjanleikanúmeri fuglahóps.

IV. þáttur - Dýravelferð

1. Inngangur

1.1. Lagagrunnur

Lög nr. 55/2013 um velferð dýra, lög nr. 38/2013 um búfjárhald og lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim eru lögð til grundvallar í IV. þætti eftirlitshandbókarinnar.

Reglugerðir sem stuðst er við í IV. þætti eftirlitshandbókarinnar eru eftirfarandi:

- Reglugerð nr. 135/2015 um velferð alifugla
- Reglugerð nr. 911/2012 um vernd dýra við aflífun (EB gerð 1099/2009)

1.2. Mat á athugasemdum við skoðunaratriði

Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

LS = Lagfært á staðnum:
Þegar ákvæði laga og/eða reglugerða eru ekki uppfyllt en úrbætur voru gerðar í viðurvist eftirlitsmanns eða svo smávægileg athugasemd að augljóst þykir að úrbætur verði gerðar strax að lokinni skoðun.

F = Frávik:
Þegar ákvæði laga og/eða reglugerðar eru brotin, þó þannig að afleiðing brotsins hefur ekki haft eða mun ekki hafa alvarleg líkamleg og/eða andleg áhrif á dýrið.

A = Alvarlegt frávik:
Þegar ákvæði laga og/eða reglugerðar eru brotin, þannig að afleiðing brotsins hefur haft eða mun hafa alvarleg líkamleg og/eða andleg áhrif á dýrið, þó svo dýrið geti náð bata. Ef ekki er bætt úr mun vörslusviptingu beitt og hámarksfrestur til úrbóta er einn mánuður.

ÚÁ = Sett á úrbótaáætlun:
Þegar athugasemd sem er **fyrir á skýrslu** og búið er að setja á úrbóta- og/eða viðhaldsáætlun er merkt við „Sett á úrbótaáætlun“, auk þess er sett inn dagsetning á hvenær fyrirhuguðum úrbótum eða viðhaldi verði lokið.

IV. þáttur er útfærður fyrir starfsemi sem er tilkynningaskyld skv. viðauka I í reglugerð nr. 135/2015. Um önnur alifuglabú, sem eru oftast bú þar sem varphænur eru haldnar í frístundaskyni (landnámshænsnahald) gilda aðrar kröfur um smitvarnir og sumar kröfur varðandi aðbúnað eru ekki eins strangar. Eftirlit með starfsemi þessara er ekki lýst í fyrirliggjandi eftirlitshandbók.

Ekki er lýst sérstaklega í þessari eftirlitshandbók hvernig staðið er að eftirliti með öndum og gæsum, þar sem slík úttektarskyld starfsemi var ekki stafrækt við gerð handbókarinnar.

Leiðbeinandi gögn

Leiðbeiningar um eftirlit með velferð alifugla í handbókinni voru skrifaðar með hliðsjón til leiðbeininga Welfare Quality ® Assessment protocol for poultry, sem evrópska Welfare Quality ® Consortium gaf út árið 2009.

Í dag eru íslenskir kjúklingar af Ross 308 stofni. Umráðamenn stofnfugla og kjúklinga styðjast við ráðleggingar ræktandans Aviagen í Bretlandi um umhirðu og meðferð. Um umhirðu kjúklinga sjá Ross Broiler Manual.

Íslenskar varphænur haldnar í atvinnuskyni eru af Lohmann LSL og Lohmann LB stofni. Um umhirðu þessara stofna sjá viðkomandi leiðbeiningar, eftir því hvort hænur séu haldnar í búrum (cage) eða í lausagönguhúsum (alternative system).

8. Dýrasjúkdómar

8.45. Smitvarnir

8.45.2. Meindýravarnir, umhverfi, smitvarnir

Tilvísun: 20. gr. rgl. nr. 135/2015

Ákvæðið gildir eingöngu fyrir starfsemi skv. viðauka I.
Við staðsetningu nýrra alifuglabúa skal taka mið af öðrum alifuglabúum, öðru búfjárhaldi og umhverfi villtra fugla. Alifuglahús skulu vera meindýraheld og varin villtum fuglum. Skipulagðar meindýravarnir skulu vera til staðar. Á alifuglabúum er óheimilt að hleypa inn öðrum dýrum, svo sem í eldishús, fóðurgeymslu og í annað geymslurými á búinu. Óheimilt er að hafa sundfugla og aðra alifugla á sama búi. Umhverfi alifuglahúss skal vera þurrt og þrifalegt. Skráðar smitvarnareglur skulu vera til staðar. Gæta skal sérstaklega vel að smitvörnum við móttöku og afhendingu fugla. Á búum þar sem ekki er skipt um alla fuglahópa samtímis skulu fuglahúsin hönnuð og umgengin þannig að hver fuglahópur sé sérstök smiteining. Í hópum með yfir 250 fugla skulu fuglar að jafnaði vera jafngamlir. Í stofnfuglahópum má þó skipta um hana. Hafi aðili verið í snertingu við alifugla erlendis skal hann ekki fara inn á alifuglabú eða vera í snertingu við fugla fyrr en að liðnum 48 klst., nema hann fari í sturtu og skipti um föt áður en hann gengur inn í alifuglahús. Dauða fugla skal fjarlægja daglega úr húsi og drit eftir þörfum. Stofnfuglar og útungunarstöðvar skulu vera lausar við sjúkdóma sem smitast milli kynslóða, nema varist sé smiti með öðrum hætti, svo sem bólusetningu.

Eftirlitsmaður leggur m.a. mat á hvort ytra umhverfi hússins sé þurrt og þrifalegt.

Í 4. mgr. í 20. gr. segir að hóparnir skulu umgengnir sem sérstakar smiteiningar. Það má því ekki bera óhreinindi milli húsa, hvort sem það er með skóm, fatnaði eða höndum. Skoða skal smitvarnir ef sami búnaður er notaður milli fuglahúsa.

8.45.3. Þrif og sótthreinsun, inngangur

Tilvísun: 21. gr. rgl. nr. 135/2015

Ákvæðið gildir eingöngu fyrir starfsemi skv. viðauka I.
Alifuglahús skulu hönnuð og byggð þannig að unnt sé að þrífa og sótthreinsa húsin. Rými, innréttingar og verkfæri, sem fuglar komast í snertingu við, skulu þrifin reglulega. Hús, búr og kerfi milli hópa skal þrífa og sótthreinsa.
Aðstaða til þrifa og sótthreinsunar á fótabúnaði skal vera við innganga í alifuglahús. Að öðrum kosti skal inngöngum skipt í hrein og óhrein svæði. Viðeigandi hlífðarfatnaður og aðstaða til handþvottar skal vera til staðar.

8.45.4. Dýrahræ

Tilvísun: 6. mgr. í 20. gr. rgl. nr. 135/2015

Dauða fugla skal fjarlægja daglega úr húsi og drit eftir þörfum.

8.45.5. Klakegg

Tilvísun: 5. mgr. í 21. gr. rgl. nr. 135/2015

Klakegg skal tína að minnsta kosti daglega. Sótthreinsa skal egg strax eftir tínslu með þar til ætluðu sótthreinsiefni. Eftir sótthreinsun skal geyma egg í hreinum og sótthreinsuðum umbúðum í þar til gerðu rými. Rýmið skal vera loftræst, snyrtilegt og sótthreinsað reglulega. Tína skal óhrein, sprungin, brotin eða lek egg sérstaklega og aðgreina frá heilum eggjum. Óheimilt er að nota þessi egg til útungunar.

8.47. Sóttvarnarstöðvar

8.47.1. Hönnun, viðhald

Tilvísun: 1. og 2. mgr. í 3. gr. rgl. nr. 136/2015

Alifuglasóttvarnastöð skal standa í a.m.k. 5 km fjarlægð frá öðrum alifuglabúum og öðrum alifuglasóttvarnastöðvum. Nánasta svæðið umhverfis sóttvarnastöð skal afgirt, þannig að dýr komist þar ekki að.
Húsnæði það sem útungun og eldi fugla fer fram í skal vera rúmgott miðað við þarfir og vera þannig úr garði gert að auðvelt sé að þrífa það og sótthreinsa.

8.47.2. Umgengi, þrif

Tilvísun: 2. og 6. mgr. í 3. gr. rgl. nr. 136/2015

Þar skal vera góð aðstaða til að þrífa búnað og áhöld. Í húsnæði skal vera tvískipt forstofa þar sem farið er í sturtu áður en farið er á milli hreins og óhreins svæðis. Gólf skulu vera úr steinsteypu, gallalaus, með niðurföllum, sem tengd eru rotþró og siturleiðslu samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Aðeins má nota rotþrær sem Umhverfisstofnun hefur viðurkennt. Húsnæði, búnaði og áhöldum skal halda hreinum og þrifalegum. Í húsnæði má ekki geyma hluti sem eru starfseminni óviðkomandi. Húsnæði skal vera laust við meindýr og skal þar halda uppi reglubundnu eftirliti með meindýrum.

8.47.3. Úrgangur, hræ

Tilvísun: 6. mgr. í 3. gr. rgl. nr. 136/2015

Fúlegg úr útungunarvélum, eggjaskurn, sjálfdauða unga eða unga sem eru deyddir skal hirða jafnóðum og brenna eða grafa á tryggilegan hátt, í samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd.

8.47.4. Skýrsluhald, eigið eftirlit

Tilvísun: 8. og 9. mgr. í 3. gr. rgl. nr. 136/2015

Starfsmaður sóttvarnastöðvar skal halda nákvæmar skýrslur um fjölda móttekinna eggja, árangur útungunar og dreifingu unga. Einnig skal daglega halda skýrslur um eldi fuglanna.
Verði vart óeðlilegra vanhalda í útungun eða í eldi skal starfsmaður sóttvarnastöðvar gera dýralækni alifuglasjúkdóma viðvart.

9. Velferð

Úttekt vegna nýrrar starfsemi eða breytinga

Tilvísun: 3. gr. rgl. nr. 135/2015

Umráðamanni alifugla í starfsemi sem talin er upp í viðauka I, ber að tilkynna Matvælastofnun um fyrirhugaða starfsemi eigi síðar en þremur mánuðum áður en áætluð starfsemi hefst. Matvælastofnun skal taka út fyrirhugaða starfsemi. Óheimilt er að hefja starfsemi áður en staðfesting Matvælastofnunar liggur fyrir um að skilyrði varðandi húsakost, búnað og þekkingu sem tilgreind eru í reglugerð þessari séu uppfyllt.

9.71. Meðferð og umhirða

9.71.1. Þekking og hæfni

Tilvísun: 4. gr. rgl. nr. 135/2015

Öllum þeim sem halda alifugla, hvort sem það eru einn eða fleiri fuglar, er skylt að afla sér grunnþekkingar á þörfum og umönnun alifugla.
Umráðamaður starfsemi skv. viðauka I, skal hafa lokið prófi í búfræði frá landbúnaðarskóla, lokið námskeiði í alifuglahaldi, starfað við umhirðu alifugla sem nemur tveimur árum í fullu starfi eða geta sýnt fram á sambærilega þekkingu sem viðurkennd er af Matvælastofnun.
Umráðamaður starfsemi skv. viðauka I, skal tryggja að starfsmenn við búreksturinn hafi fengið þjálfun í þörfum og umönnun alifugla og skal hann halda skrá um það. Starfsmaður skal hafa þekkingu á réttri meðhöndlun fugla, hlotið þjálfun í aflífun einstakra fugla og hafa þekkingu á fyrirbyggjandi smitvörnum og réttum umgengnisreglum.
Óheimilt er að afhenda eða gefa alifugla hverjum þeim sem ekki býr yfir eða hefur aflað sér grunnþekkingar á þörfum og umönnun alifugla.

9.71.2. Daglegt eftirlit

Tilvísun: 1.-3. mgr. í 5. gr. rgl. nr. 135/2015

Bannað er að beita alifugla harðýðgi.
Eftirlit skal haft með alifuglum að lágmarki einu sinni á sólarhring og bæta svo fljótt sem auðið er úr því sem er ábótavant. Eftirlit skal hafa með öllum kjúklingum og alifuglum í uppeldi í starfsemi samkvæmt viðauka I, að lágmarki tvisvar sinnum á sólarhring.
Umráðamaður skal fylgjast með heilsufari fugla og tryggja að hreinlæti, fóðrun, fóður, vatn og aðrir umhverfisþættir og tækjabúnaður sem getur haft áhrif á líðan fugla, sé í lagi. Aukið eftirlit skal haft með sjúkum og slösuðum fuglum.

Tilvísun: 12. gr. rgl. nr. 135/2015

Umráðamaður skal fylgjast með fóðrun og heilbrigði alifugla í hans umsjá og kalla til dýralækni ef með þarf. Komi upp óútskýrð vanhöld í eldi eða varpi skal umráðamaður tilkynna það tafarlaust til Matvælastofnunar. Verja skal alifugla gegn ytri og innri óværu. Komi upp slík vandamál skal meðhöndla fugla í samráði við dýralækni þegar í stað.

Með viðeigandi eigin eftirliti skal tryggja að alifuglum líði vel og að gripið sé til aðgerða eins fljótt og auðið er við bilanir og ef einhverju er ábótavant. Verja skal fugla við sjúkdómum. Sjúkir eða slasaðir fuglar skulu fá meðhöndlun eða aflífaðir þegar í stað. Ungfuglar (á fyrstu lífviku) þurfa sérstaklega mikla umönnun, og það getur verið að umráðamaður þurfi að hjálpa einstökum fuglum að finna vatn og fóður.

Eftirlitsmaður kannar skráningar á dauðsföllum og varp, eftir því sem við á, til að ganga úr skugga hvort umsjónarmaður sé að vakta grunsamlegar breytingar. Skoða skal viðbrögð og hvort Matvælastofnun hafi fengið tilkynningu um óeðlilega varpminnkun eða aukningu á dauðsföllum, til að tryggja að grunsamleg tilfelli geta verið rannsökuð m.t.t. fuglaflensu og Newcastle veiki.

Í reglugerð eru engin ákvæði um ástand fiðurhams (animal-based), heldur eru gerðar kröfur um aðbúnað og umhirðu (resource and management-based), til að koma í veg fyrir vanlíðan fugla. Skemmdur fiðurhamur hefur áhrif á velferð fugla. Þeir hafa síður möguleika að stjórna hitastigi líkamans, og meiri hætta er á sárum í óverndaðri húð. Skemmdur fiðurhamur kemur til vegna fjaðrareytingar og vegna streitu í fuglahópi, sbr. 3. mgr. í 5. gr. rgl. nr. 135/2015. Ef vart verður við fjaðrareytingu þá skal

eftirlitsmaður kanna hvort hægt sé að finna orsök og gera kröfur um úrbætur eftir því sem við á, t.d. vegna skorts á aðbúnaði og umhirðu. Hægt er að lýsa ástand fiðurhams í viðkomandi skoðunaratriði.

Um fjaðrareyting er hægt að finna leiðbeiningar t.d. hér.

- Eftirlitsmaður kannar hvort umráðamaður hafi eftirlit með kjúklingum tvisvar á dag, t.d. með því að skoða skráningar.
- Varphænur: Erlent viðmið eru að dauðsföll skulu ekki vera hærra en 0,1% á viku. Það þýðir að í hópi með 10.000 fuglum skulu ekki finnast fleiri en 1-2 fuglar dauðir á hverjum degi. Ætla má að íslensk viðmið sé lægra, þar sem mjög fáir smitsjúkdómar eru í alifuglum hérlendis.
- Holdastofn (Ross 308): Ræktandinn Aviagen áætlar 4-5% dauðsföll með aflífunum á uppeldistímabilinu. Og áætlað eru 8% afföll á varptímabilinu (40 vikur). Það samsvarar um 0,2% afföll á viku.
- Kjúklingar: Það er hægt að miða við að afföll skulu ekki vera hærra en 1% + 0,06% x sláturaldur hópsins í dögum, skv. b) lið í 29. gr. rgl. nr. 135/2015. Á 35 dögum eru það 3,1% afföll, eða 0,6% á viku, eða ekki fleiri en 8-9 fuglar á dag í hópi með 10.000 kjúklingum.

9.71.3. Hreinleiki gripa

Tilvísun: 3. mgr. í 5. gr. rgl. nr. 135/2015

Umráðamaður skal fylgjast með heilsufari fugla og tryggja að hreinlæti, fóðrun, fóður, vatn og aðrir umhverfisþættir og tækjabúnaður sem getur haft áhrif á líðan fugla, sé í lagi. Aukið eftirlit skal haft með sjúkum og slösuðum fuglum.

Eftirlitsmaður skal skrá fjölda fugla sem hafa verið metnir og stig.

Óhreinindi skal meta á stiginu 0-3 skv. Welfare Quality ® Assessment protocol for poultry

Classification	**Flock level:** **Percentage** of birds scoring '0' **Percentage** of birds scoring '1' **Percentage** of birds scoring '2' **Percentage** of birds scoring '3'



© L J Wilkins and A Butterworth, University of Bristol

9.71.4. Skýrsluhald

Tilvísun: 4. mgr. í 5. gr. rgl. nr. 135/2015

Umráðamaður starfsemi skv. viðauka I, skal halda skýrslu um fjölda fugla í hverjum fuglahópi, afdrif þeirra, meðhöndlun, sjúkdóma og varp hjá varphænsna- og stofnfuglahópum. Skráningar skal geyma í að minnsta kosti þrjú ár.

Það er mikilvægt að haldið sé utan um varp hvers hóps, þar sem aðbúnaður, umhirða og sjúkdómar innan hvers hóps geta haft áhrif á varpið. Skyndilega minnkað varp getur verið fyrsta vísbending um að eitthvað sé að fara úrskeiðis eða sjúkdómur sé að koma upp.

- Eftirlitsmaður getur kannað hvort og með hvaða hætti umsjónarmaður hefur brugðist við fráviki í varpinu.

9.71.5. Fóðrun og brynning

Tilvísun: 6. gr. rgl. nr. 135/2015

Gæði fóðurs, magn og samsetning skal fullnægja þörfum fugla. Fóðrun og brynning skal vera aðgengileg og nægileg öllum fuglum. Fuglar skulu hafa aðgang að ómenguðu drykkjarvatni.
Hafi fuglar ekki stöðugt aðgengi að fóðri skal fóðrunaraðstaða vera þannig að allir fuglar geti étið samtímis. Brynningarbúnaður skal þannig útbúinn, uppsettur og viðhaldið að hætta á vatnsleka sé í lágmarki. Við flutning fugla í önnur hús skal tryggt að þeir finni strax vatn og fóður.

Hér er ekki metið hvort búnaður sé nægilegur miðað við fjöldi fugla, heldur með hvaða hætti fuglarnir hafa aðgang að fóðri og brynningu, hvort gæði fóður og vatns séu nægileg, og hvort þörfum fugla sé fullnægt.

Gæði drykkjarvatns eru metin með sama hætti og lýst er í III. þætti.

Í Welfare Quality ® Assessment protocol for poultry er góð fóðrun kjúklinga metin í sláturhúsinu. Þar er tekin saman fjöldi kjúklinga sem var kastað frá vegna hors (emaciation, *animal based* mat). Góð fóðrun á varphænum er metin með því að meta aðgang að fóðurbúnaði (*resource based* mat), í skoðunaratriðum 9.74.6, 9.75.14 og 9.76.2. Það er í samræmi við gildandi reglugerð um velferð alifugla. Þrátt fyrir það getur eftirlitsmaður metið þyngd, telji hann þess þörf. Niðurstaðan er skráð í þessu skoðunaratriði.

Fuglar af kjúklingastofni (Ross 308) eru líklegri til að verða of þungir frekar en of léttir. Í uppeldi kjúklingastofnsins er sérstaklega fylgst með þyngd fugla til að koma í veg fyrir of mikla þyngdaraukningu. Íslenskar kalkúnahænur eru af kyninu Aviagen B.U.T. 10, og kalkúnahanarnir eru af kyninu B.U.T. 8.

Eftirfarandi tafla gefur hugmynd um þyngd mismunandi alifugla. Þetta eru einungis leiðbeinandi tölur, meðalþyngd getur verið breytileg eftir aldri og húsakosti sem fuglar eru haldnir í.

Kjúklingur við 35 daga aldurs	2,1 kg
Fullorðin holdahæna	4 kg
Fullorðinn holdahani	5 kg
Fullorðin varphæna (einnig foreldrahæna), hvítur stofn	1,7 – 1,9 kg
Kalkúnn við 12 vikna aldur, kvenkyn	6,5 kg
Kalkúnn við 12 vikna aldur, karlkyn	8,5 kg
Fullorðin kalkúnahæna	10 kg

Fullorðinn kalkúnahani	Yfir 20 kg

Í sumum húsum er slökkt á drykkjarvatninu yfir nótt, þegar ljósin eru slökkt, til að minnka líkur á vatnsleka. Það er ekki í andstöðu við reglugerðina, að því gefnu að kröfur um brynningarbúnað séu uppfylltar.

Það getur verið að umsjónarmaður taki tímabundið fóður af hænum í lok varpskeiðsins og slökkvi tímabundið á ljósi, til að fiðurfella hópinn. Það þarf líklega að taka fóður af hænunum í viku til þess að fiðurfella þær. Síðan er birtustigið í húsinu smám saman aukið og fóðrað aftur stighækkandi. Með slíkri fiðurfellingu næst að auka varpið aftur í hænuhópi. Slík aðferð samræmist ekki lögum um velferð dýra. Eftirlitsmaður kannar hvort hópur hafa verið fiðurfelldur:

- Kannið varpið, hvort það hafi lækkað snögglega og síðan aukist aftur.
- Kannið hvort dauðsföll hafa aukist.

9.72. Aðgerðir, tínsla, aflífun

9.72.1. Aðgerðir

Tilvísun: 9. gr. rgl. nr. 135/2015

Óheimilt er að fjarlægja líkamshluta eða reyta fjaðrir af fuglum. Heimilt er að fjarlægja líkamshluta fugla sé það nauðsynleg aðgerð að mati dýralæknis og vegna velferðar fuglsins. Við sársaukafulla aðgerð skal deyfa eða svæfa fugla og veita þeim verkjastillandi meðferð.

Óheimilt er að goggstýfa alifugla. Í undantekningartilvikum er þó heimilt að fjarlægja fremsta hluta goggs (beak touching) á varphænum og stofnhænum kalkúna að uppfylltum skilyrðum í við-auka II, samkvæmt mati dýralæknis og vegna velferðar fuglanna. Sá sem annast goggstýfingu skal hafa fengið til þess faglega þjálfun.

Óheimilt er að festa á fugla sjónsviðsþrengjandi muni eins og gleraugu eða setja á augu hluti sem breyta litarskyni þeirra svo sem litaðar linsur.

Hefðbundnar aðgerðir á alifuglum hérlendis eru:

- Táklipping. Hanar í stofnfuglahópum eru flestir táklipptir. Hérlendis eins og erlendis eru líklega allir hanar táklipptir, vegna velferðar stofnhæna, nema hanarnir af Lohmann LB varpstofninum (brúni stofn). Aðgerðin fer fram í útungunarstöð. Það er ekki búið að skera úr um hvort aðgerðin sé í samræmi við lög um velferð dýra.
- Kambklipping. Hanar af varpstofni Lohmann LSL (hvíti stofn) eru í dag kambklipptir. Það er talið stuðla að góðri velferðar hana, þar sem hætta sé á að kamburinn verði of stór og trufli hanana, og slysahætta gæti aukist. Aðgerðin fer fram í útungunarstöð. Það er ekki búið að skera úr um hvort aðgerðin sé í samræmi við lög um velferð dýra.
- Goggstýfingar. Sjá viðauka II í reglugerð nr. 135/2015.

9.72.2. Handsömun, tínsla

Tilvísun: 11. gr. rgl. nr. 135/2015.

Við handsömun fugla skal þess gætt að valda þeim ekki óþarfa hræðslu og/eða að þeir meiðist ekki.

Óheimilt er að bera alifugla á höfði, hálsi, stéli eða vængjum, en heimilt er að bera fugla af tegundinni Gallus gallus á vængfestum. Halda má utan um háls anda og gæsa meðan fuglinn er borinn á bringunni. Kalkúna má handsama

með taki á vængfestu (öxl) og gagnstæðri löpp. Óheimilt er að lyfta eða halda á kalkúnum á einum fæti. Óheimilt er að taka upp eða bera endur og gæsir á fótum.

Starfsmenn við tínslu alifugla skulu hafa hlotið fræðslu og þjálfun í meðhöndlun fugla og tínslu.

Tínsla til slátrunar á kjúklingum og öðrum fuglum í sambærilegri þyngd af tegundinni Gallus gallus skal fara fram í rökkri eða bláu ljósi. Fuglar skulu handsamaðir og bornir þannig að gripið er yfir vængi og bol fuglsins með báðum höndum eða fuglinum lyft á löppum. Tínsla skal skipulögð þannig að ekki þurfi að bera fuglinn langa vegalengd. Fjöldi fugla í flutningskössum skal miðast viðstærð fugla og hitastig í flutningi. Vélbúnaður til tínslu á kjúklingum fyrir slátrun skal vera þannig hannaður að velferð fugla sé í fyrirrúmi.

Þetta skoðunaratriði er venjulega ekki hægt að meta, nema þegar tínsla fer fram meðan á eftirliti stendur.

9.72.3. Aflífun

Tilvísun: 13. gr. rgl. nr. 135/2015

Fuglar sem eru slasaðir eða sjúkir, skulu fá viðeigandi meðferð eða vera aflífaðir tafarlaust. Skylt er að aflífa fugla tafarlaust þegar augljóst er að sjúkdómur eða meiðsl eru kvalafull eða banvæn. Eftir atvikum skal haft samráð við dýralækni.

Tilvísun: Rgl. EB nr. 1099/2009 (IS gerð nr. 911/2012). Sérákvæði um aflífun með því að snúa úr hálsliði, sem er algengasta aflífunaraðferð á einstökum fuglum á búum: Liður 5 í I. kafla í I. viðauka rgl. EB nr. 1099/2009.

5. Snúið úr hálslið (e. cervical dislocation). Lýsing: Hálsinn er teygður og undinn með vélrænum hætti eða með handafli, þannig að blóðþurrð verður í heila. Skilyrði fyrir notkun: Alifuglar með lífþyngd sem er allt að 5kg. ... Lykilmæliþættir: Á ekki við. Sértækar kröfur í II kafla: Liður 3.

Tilvísun: Liður 3. í II. kafla í I. viðauka rgl. EB nr. 1099/2009

3. Snúið úr hálslið og högg á hausinn

Ekki skal nota þessar aðferðir sem venjubundnar aðferðir heldur einungis ef engar aðrar deyfingaraðferðir eru í boði.

Þessar aðferðir skal ekki nota í sláturhúsum nema sem varaaðferðir til deyfingar.

Hver einstaklingur má að hámarki aflífa sjötíu dýr á dag með handafli með því að snúa þau úr hálsliðnum eða með höggi á hausinn.

Ekki skal snúa dýr, sem eru með meiri lífþyngd en þrjú kílógrömm, úr hálsliðnum með handafli.

Eftirlitsmaður kannar með hvaða hætti einstakir fuglar eru aflífaðir.

Hann kannar með hvaða hætti fullorðnir fuglar eru aflífaðir á búinu í lok varpskeiðs, ef þeim er ekki slátrað. Ólíklegt er að eftirlitsmaður geti fylgst með tínslu og aflífuninni, þar sem hún fer sjaldan fram, nema eftirlit sé skipulagt sérstaklega.

Sjá einnig leiðbeiningar um gösun í húsi (hjá dýralækni alifuglasjúkdóma).

9.73. Húsakostur

9.73.1. Slysavarnir

Tilvísun: 1. og 2. mgr. í 14. gr. rgl. nr. 135/2015

Framleiðslukerfi og tæknibúnaður skal vera í lagi, viðhaldið og öruggur fuglum. Búnaður skal vera þannig hannaður að engin slysahætta sé fyrir fugla þegar þeir eru settir inn og teknir út.

Tilvísun: 1. mgr. í 19. gr. rgl. nr. 135/2015

Tæknibúnaður í alifuglahúsum skal vera í lagi og viðhaldið þannig að hann valdi fuglunum ekki meiðslum.

9.73.2. Lýsing

Tilvísun: 16. gr. rgl. nr. 135/2015

Lýsing í húsum og framleiðslukerfum fyrir alifugla skal vera nægileg til að fuglarnir geti haft yfirsýn yfir umhverfi sitt og sinnt eðlilegu atferli. Lýsing skal vera jöfn og nægileg til eftirlits með öllum fuglum. Þetta á við hvort sem notast er við dagsbirtu eða raflýsingu.

Heimilt er að minnka lýsingu tímabundið eða á afmörkuðum svæðum hafi það jákvæð áhrif á heilbrigði og velferð fugla.

Lýsing skal ekki vera svo mikil að hún örvi kropp og fjaðrareytingu. Bannað er að nota lýsingu sem getur haft neikvæð áhrif á atferli fugla. Mögulegt skal vera að stýra ljósstyrk.

Eftir fyrstu aðlögunardagana skal tryggja fullorðnum varphænum órofna myrkvun þriðjung sólarhringsins. Þegar ljós eru slökkt í lausagönguhúsum skulu ljósaskipti vera nægilega löng til að hænurnar geti sest. Sömuleiðis skal birta smám saman þegar ljós eru kveikt.

Lágmarkslýsing fyrir kjúklinga skal vera 20 lux í augnhæð fuglanna í 80% aðgengilegs svæðis. Heimilt er að lækka ljósstyrk tímabundið samkvæmt ráðleggingu dýralæknis. Að undanskilinni fyrstu eldisvikunni og síðustu þremur dögum fyrir slátrun skulu kjúklingar hafa að minnsta kosti 6 klukkustunda myrkur á sólarhring, þar af samfellt myrkur í 4 klukkustundir utan ljósaskipta.

Lýsing er ekki metin í Welfare Quality ® Assessment protocol for poultry.

Birtan hefur áhrif á hegðun fugla. Mikil birta: fuglarnir eru vakandi og virkir, éta, drekka. Lítil birta: fuglar eru rólegir, hreyfa sig lítið. Slökkt: fuglarnir leggjast, hvíla sig.

Hjá ungfuglum á fyrstu dögum er birtan mikil og yfirleitt er haft ljós allan sólahringinn, meðan þeir eru að læra að finna fóður og vatn.

Í uppeldi kjúklingaforeldra er fóðurmagnið takmarkað miðað við átlyst sem veldur hungurtilfinningu og leiðir til streitu í fuglunum. Fóðurtakmörkun er þó nauðsynleg til að koma í veg fyrir að fuglarnir verði of þungir sem fullorðnir fuglar. Til að koma í veg fyrir kropp og kannibalisma vegna streitu er birtan minnkuð i uppeldinu eftir fyrstu daga. Enginn lágmarks birtutími er skilgreindur í reglugerðinni við uppeldi alifugla, nema að birtan skal vera nægileg til að fuglarnir geti haft yfirsýn yfir umhverfi sitt skv. 1. mgr. Heimilt er skv. 2. mgr. að minnka birtu vegna velferðar fuglanna. Það getur þess vegna verið mjög erfitt að meta hvenær um frávik er að ræða vegna ónægilegrar birtu. Það ber að hafa í hug að sjón fugla er miklu öflugra en sjón manna. Fuglar sjá einnig bylgjulengdir í kringum 480nm (UV ljós) og í kringum 625 nm (IR ljós), sem mannsaugað nemur varla eða ekki. Í rannsóknum eru birtumælingar fyrir fugla þess vegna gerðar í clux (chicken lux), og getur verið meira en 50% munur milli lux og clux.

Ef upp kemur kropp eða kannibalismi í fuglahópi þá getur verið að lýsing er lækkuð til að róa hópinn, og er það í samræmi við 2. og 3. mgr. En orsök kannibalisma geta verið margþætt.

Í lausagönguhúsum fyrir fugla af varphænsnakyni er gerð krafa um að slökkva og kveikja ljós rólega. Það er mikilvægt til að hjálpa fuglum að finna sér stað til hvíldar áður en ljósin verða alveg slökkt, og það getur valdið streitu ef kveikt er á ljósum skyndilega.

Í kjúklingaeldi er gerð krafa um lágmark 6 klst. myrkur á sólahring, þar af 4 klst. samfellt, til að veita þeim nægilega hvíld. Heimilt er þó að hafa stöðugt ljós fyrstu 3 dagana þegar ungar þurfa að læra að finna vatn og fóður. Einnig er heimilt að hafa stöðugt ljós síðustu 3 daga fyrir slátrun. Það er gerð krafa um lágmarks birtu á birtutíma. Athugið að góðir birtumælar eru nauðsynlegir til að fá marktækar niðurstöður. Mælingar með snjallsímum eru ómarktækar.

9.73.3. Hljóðmengun

Tilvísun: 17. gr. rgl. nr. 135/2015

Stöðugur hávaði frá umhverfi, svo sem vélbúnaði skal að jafnaði ekki fara yfir 65 dB.

Loftræstikerfi, fóðurkerfi og annan vélbúnað skal hanna, setja upp, halda við og reka þannig að sem minnst hljóðmengun verði.

9.73.4. Loftgæði og loftræsting

Tilvísun: 15. gr. í rgl. nr. 135/2015

Einangrun húsa, upphitun og loftræsting skal tryggja að ryk, hitastig, loftraki og óæskilegar loft-tegundir séu innan marka samkvæmt viðauka IV. Tryggja skal nægileg loftskipti án þess að drag-súgur myndist í umhverfi fugla.

Í húsum þar sem ekki er gerð krafa um vararafstöð, skulu vera opnanleg fög eða sjálfvirk neyðaropnun á loftræstibúnaði svo unnt sé að loftræsta húsið við bilun í loftræstikerfi.

Tilvísun: Viðauki IV í rgl. nr. 135/2015

Magn eftirtalinna lofttegunda skal ekki vera meira en hér segir:

- *Ammoníak (NH3) 20 ppm*
- *Koltvísýringur (CO2) 3.000 ppm*

Ef hiti í forsælu fer yfir 30°C má hitastig í húsum ekki vera hærra en 3°C umfram útihita.

Meðalraki í húsi skal ekki vera viðvarandi yfir 80% þegar útihitastig er undir 10°C. Í kjúklingahúsum skal mældur meðalraki/48 klst. inni í húsi ekki fara yfir 70% þegar útihitastig er undir 10°C.

Mælingar samkvæmt viðaukanum skulu framkvæmdar í þeirri hæð þar sem fuglar eru staðsettir.

Í kjúklingahúsum þurfa að liggja fyrir upplýsingar um að loftræstibúnaður sé hæfur til að stjórna loftræstingu fullnægjandi, m.a. til að halda raka innan marka. Það skal skráð í skoðunaratriði 0 (aðbúnaður, sérákvæði kjúklingar).

Ekki eru gerðar sérstakar kröfur um afkastagetu loftræstikerfis. Ekki eru heldur gerðar kröfur um hitastig í húsum, nema þegar útihitastig fer yfir 30°C, sem er sjaldnast tilfellið hérlendis.

Mikil hætta á ammoníaksmengun er í húsum með fullorðnum fuglum þar sem drit safnast upp í undirburði og er ekki fjarlægt reglulega. Hætta á ammoníaksmengun minnkar í varphúsum með dritböndum þar sem drit er fjarlægt reglulega, t.d. 2-3svar í viku. Hætta á meiri koldíoxíði er í kjúklingahúsum á síðustu dögum fyrir slátrun, en hugsanlega einnig þegar ungfuglar eru í húsinu og húsið er hitað upp með kyndingu sem er að brenna olíu (masters blásari).

Ryk getur verið áberandi í húsum, en engin ákvæði eru í reglugerð um rykmengun. Ekki er heldur að finna ákvæði um lágmarksraka, en loftið getur verið mjög þurrt í húsum fyrir ungfugla sem eru kynt upp undir 28°C til 30°C. Ungfuglar eru viðkvæmir fyrir vökvatapi. Skv. Broiler Manual er æskilegt rakastig í fyrstu lífviku 60%-80%. Reynslan sýnir að því er oft ekki náð hér. Ef eftirlitsmaður verður var við óþægilega mikinn þurrk eða ryk í húsi getur hann sem frávik, með tilvísun í dýravelferðarlögin.

Um samhengi hitastigs og raka í kjúklingaeldi má lesa í Broiler Manual, tafla 2 á bls. 18.

Animal-based mat á loftræstingu er gert með því að kanna hegðun og líðan dýrana. Fuglar hrúga sig saman (meiri hætta hjá ungfuglum) þegar þeim er kalt. Ef þeir anda hratt með opinn gogg, þá getur þeim verið of heitt (en: panting) eða þá skortir súrefni. Mesta hætta á ofhitnun í kjúklingahúsum er í lok eldistímabilsins. Þá eru fuglarnir orðnir þungir, hitamyndun vegna hárra efnaskipta í líkamanum þeirra er sem mest, og þeir eru með mesta þörf fyrir að geta kælt sig. Við ófullnægjandi loftræstingu eykst álag á hjarta og öndunarfæri, sem veldur m.a. ascites syndrome (pulmonary hypertension syndrome).

Neyðarloftræsting skal vera til staðar, annaðhvort er vararafstöð til staðar eða opnanleg fög.

9.73.5. Vararafstöð, viðvörunarbúnaður

Tilvísun: 19. gr. rgl. nr. 135/2015

Vararafstöð skal vera á búum sem reiða sig alfarið á rafmagn til reksturs á loftræstingu, fóðurkerfum og lýsingu. Á þessum búum skal einnig vera viðvörunarbúnaður fyrir of hátt hitastig og straumrof. Viðvörunarbúnaður skal vera með sjálfvirka bilanavakt. Reglulegt eftirlit skal hafa með viðvörunarkerfum.

Ekki er gerð krafa um viðvörunarbúnað í húsum þar sem loftræsting er nægileg þótt vélbúnaður stöðvist.

Eftirlitsmaður getur beðið umsjónarmann starfsstöðvarinnar um að taka rafmagnið af til að kanna hvort viðvörun fari af stað.

9.73.6. Útivist

Tilvísun: 18. gr. rgl. nr. 135/2015

Útisvæði skulu hönnuð með tilliti til fjölda fugla og gerð jarðvegs til að lágmarka smitálag og mengun.

Á langvegg húsa skulu vera útgönguop sem veita beinan aðgang að útisvæði. Þau skulu vera opin á meðan á útivist stendur. Fjöldi opa skal miðast við stærð, tegund og fjölda fugla.

Á útisvæðum skal vera skjól fyrir veðri og vindum og meindýra- og rándýravarnir tryggðar.

Tilvísun: 10. mgr. í 22. gr. rgl. nr. 135/2015

Við skipulag húsa skal vera tryggt að unnt sé að sinna eftirliti með öllum fuglum. Í framleiðslukerfum þar sem fuglar hafa aðgang að útisvæði skulu:

1. *Útisvæði hönnuð með tilliti til fjölda fugla og gerð jarðvegs, til að lágmarka smitálag og mengun.*
2. *Útgönguop dreifast þannig á veggi að þau veiti sem greiðastan aðgang að útisvæðinu. Hvert útgönguop skal vera a.m.k. 35 sm hátt og a.m.k. 40 sm breitt. Samanlögð breidd útgönguopa skal vera minnst 2 m fyrir hverja 1.000 fugla. Útgönguop skulu vera þannig að auðvelt sé að loka þeim þegar ástæða er til.*

Eftirlitsmaður metur velferð fugla sem hafa aðgang að útisvæði. Hann kannar hönnun svæðisins, hvort skjól sé til staðar (tré og runnar). Hann metur hvort útsvæðið sé aðlaðandi, þ.e.a.s. hvort útisvæðið sé vel notað.

9.74. Aðbúnaður varphæna og stofnfugla, lausaganga

Við úttekt á húsi skv. viðauka I skal eftirlitsmaður mæla og skrá húsastærð og aðbúnað. Hann reiknar út leyfilegan hámarksfjölda fugla í viðkomandi stíu eða búri miðað við mest takmarkandi þátt eða búnað.

Það eru gerðar mismunandi kröfur um aðbúnað í fuglahúsum, eftir því um hvaða framleiðslu er að ræða. Sá búnaður sem er minnst af ræður hámarksfjölda fugla í hverju húsi.

Vert er að benda á að óheimilt er að taka í notkun hefðbundin búr fyrir varphænur. Notkun þeirra skal vera hætt eftir 31.12.2021.

Um mat á uppgefnum fjölda fugla í hverju húsi: Eftirlitsmaður getur haft ástæðu til að sannreyna uppgefinn fjölda fugla í hverjum hópi. Það er eðlilega ekki hægt að gera það með því að telja fuglana. En mögulegar leiðir eru:

1. Það er hægt að kanna fóðurnotkun á búinu, með því að skoða móttökur á fóðri yfir ákveðið tímabil. Það getur einungis gefið grófa vísbendingu.
2. Það er hægt að bera saman fuglafjölda í viðkomandi húsi með skráningum um afhendingu fugla í útungunarstöð eða uppeldisstöð.
3. Í hópum fullorðinna fugla í varpi er hægt að bera daglegt varp saman með uppgefinn fjölda fugla. Við slíka útreikningar þarf að styðjast við áætlað varp miðað við ræktunarstofn, aldur fugla og húsakost.

9.74.1. Þéttleiki

Tilvísun: 2. og 8. mgr. í 22. gr. rgl. nr. 135/2015

Að hámarki skulu vera 9 fuglar á hvern m² aðgengilegs svæðis fyrir fuglahópa innan við 2,4 kg líkamsþunga að meðaltali. Að hámarki skulu vera 7,5 fuglar á hvern m² fyrir fuglahópa yfir 2,4 kg líkamsþunga að meðaltali. Gólf skulu þannig gerð að stuðningur sé fyrir allar framtær fugls. Óheimilt er að hafa fleiri en 18 fugla á hvern m² gólfsvæðis stíu.

9.74.2. Setprik

Tilvísun: 3. mgr. í 14. gr. rgl. nr. 135/2015.

Í alifuglahaldi og starfsemi sem fellur undir viðauka I skulu setprik staðsett þannig að þau hindri ekki eðlilega umferð fugla. Setprik skulu ekki staðsett fyrir ofan svæði með undirburði. Lárétt bil á milli setprika skal vera a.m.k. 30 sm og lárétt bil frá setpriki til veggs skal vera a.m.k. 20 sm.

Tilvísun: 4. mgr. í 22. gr. rgl. nr. 135/2015.

Hænur af varpkyni skulu hafa aðgang að setprikum og skal hver varphæna hafa a.m.k. 15 sm setrými.

9.74.3. Pallakerfi

Tilvísun: 4. mgr. í 14. gr. rgl. nr. 135/2015

Pallakerfi skal þannig hannað að auðvelt sé að hafa eftirlit á öllum hæðum og skal að hámarki vera fjórar hæðir.

Tilvísun: 9. mgr. í 22. gr. rgl. nr. 135/2015

Pallakerfi skulu uppfylla öll neðangreind skilyrði:
1. Að hámarki vera fjórar hæðir, hver upp af annarri.
2. Brynningar- og fóðurkerfi skulu þannig staðsett að fugl hafi jafnan aðgang að drykkjarvatni og fóðri.
3. Bil milli hæða skal vera minnst 45 sm.

4. Hæðirnar skulu hannaðar þannig að drit falli ekki niður á næstu hæðir.

9.74.4. Hreiður

Tilvísun: 3. mgr. í 22. gr. rgl. nr. 135/2015

Ekki skulu vera fleiri en sjö hænur um hvert einstaklingshreiður. Ef hóphreiður eru notuð skal vera minnst 1 m² varprými fyrir hverjar 120 hænur.

Hér gildir innanmál hreiðurs. Vegna útreikninga á aðgengilegu gólfsvæði skal mæla utanmál varpkassa. Munur er á því þar sem hænur hafa ekki aðgang að hlut varpkassa þar sem eggjafæribönd eru.

9.74.5. Undirburður

Tilvísun: 5. mgr. í 22. gr. rgl. nr. 135/2015

Svæði með undirburði skal vera minnst 1/3 af gólfsvæði stíu og hver fugl skal hafa aðgang að 250 sm² svæði með undirburði í að lágmarki 9 klst. á birtutíma. Heimilt er að víkja frá þessu tímabundið þegar verið er að venja fugl við varphús, þó aldrei lengur en eftir að fullt varp er hafið.

Ef undirburður er þjappaður, með hörðu yfirborði eða jafnvel blautur, þá uppfyllir hann ekki ákvæði reglugerðar, skv. orðskýringu í 2. gr. rgl. nr. 135/2015.

Það getur verið, að undirburður sé einungis að hluta til að uppfylla ákvæði um að vera þurr og laus, og svæðisbundinn ófullnægjandi, og ekki verið augljóst hvort um frávik sé að ræða. Í slíkum tilfellum getur eftirlitsmaður lagt mat á hlutfall svæðis með undirburði sem uppfyllir kröfur, og hann getur kannað ástæðu fyrir því að undirburður sé rakur, t.d. vegna ófullnægjandi loftræstingar eða einangrun hússins.

Það er heimilt að halda fuglum tímabundið á dritgrindum, án aðgangs að svæði með undirburði, fyrst eftir flutning úr uppeldishúsi í varphúsið. Það er venjulega gert til þess að hjálpa fuglum að finna fóður og vatn, en sá búnaður er venjulega staðsettur á dritgrindunum. Skv. erlendum ráðleggingum skal ekki halda þeim lengur en í 10-14 daga á grindum, til þess að valda ekki streitu, þar sem mjög þétt er á fuglum. Í 5. mgr. segir þó að aldrei megi halda þá lengur eingöngu á grindum eftir að fullt varp er hafið. Hjá varphænum af Lohmann stofninum er það við u.þ.b. 30 vikna aldurs.

9.74.6. Fóður-, brynningarbúnaður

Tilvísun: 6. og 7. mgr. í 22. gr. rgl. nr. 135/2015

Aflöng fóðurtrog skulu hafa a.m.k. 10 sm fóðurrými á hvern fugl. Hringlaga fóðurtrog skulu hafa a.m.k. 4 sm rými á hvern fugl.

Þar sem notaðar eru drykkjarrennur skal vera 2,5 sm drykkjarrými fyrir hvern fugl og við hring-laga drykkjarker skal vera 1 sm rými á fugl. Þar sem drykkjarnipplar eru notaðir skal vera að minnsta kosti einn drykkjarnippill eða drykkjarbolli fyrir hverja 10 fugla.

9.75. Varphænur í búrum, uppeldi, kalkúnar og aðrir alifuglar

9.75.1. Þéttleiki – Varphænur í innréttuðum búrum

Tilvísun: 2. og 6. mgr. í 23. gr. rgl. nr. 135/2015

Hver fugl skal hafa að lágmarki 750 sm² búrasvæði, þar af 600 sm² aðgengilegt svæði. Utan aðgengilegs svæðis skal lofthæð vera a.m.k. 20 sm. Samanlögð stærð búra skal vera a.m.k. 2.000 sm² og netþráður skal vera minnst 2 mm að þykkt.

Ekki skulu vera fleiri en 5,5 hænur á hvern rúmmetra húss. Aðeins er leyfilegt að halda stofnum með meðallífþyngd undir 2,4 kg í búrum.

9.75.2. Fóður-, brynningarbúnaður – Varphænur í innréttuðum búrum

Tilvísun: 4. mgr. í 23. gr. rgl. nr. 135/2015

Aðgengi að fóðurrennu skal vera stöðugt og hverri hænu ætlað a.m.k. 12 sm. Brynningarkerfi skal taka mið af þörfum og hópastærð fugla. Hver fugl skal hafa aðgang að minnst 2 drykkjarnipplum eða bollum. Óheimilt er að nota lausan eða færanlegan brynningarbúnað.

9.75.3. Annar búnaður - Varphænur í innréttuðum búrum

Tilvísun: 23. gr. rgl. nr. 135/2015

Búr skulu þannig gerð að unnt sé að ná fuglum og hafa eftirlit með þeim.

Hænur skulu hafa aðgang að hreiðri, frjálst aðgengi að setprikum, minnst 15 sm á hverja hænu, og aðgang að undirburði. Stærð svæðis með undirburði skal taka mið af fjölda fugla og vera aðgengilegur að lágmarki í 9 klst. á birtutíma. Hænur skulu hafa aðgang að klóslípibúnaði eða öðrum búnaði sem tryggir eðlilegt slit á klóm.

Gangur milli búraraða skal vera minnst 90 sm breiður til að auðvelda eftirlit og flutning í og úr húsi. Bil á milli grinda í neðstu búraröð og gólfs skal ekki vera minni en 35 sm.

9.75.4. Þéttleiki - Varphænur í hefbundnum búrum

Tilvísun: 3. mgr. í 24. gr. rgl. nr. 135/2015

Hver hæna skal að lágmarki hafa 600 sm² gólfpláss og 12 sm pláss við fóðurrennu. Búr skal vera minnst 40 sm á hæð, minnst 32 sm á dýpt (mælt frá framnetinu), með gólfhalla að hámarki 12% og hámark tvær þéttar hliðar.

9.75.5. Fóður-, brynningarbúnaður – Varphænur í hefðbundnum búrum

Tilvísun: 4. mgr. í 24. gr. rgl. nr. 135/2015

Brynning skal þannig útbúin að hænur fái alltaf nægt ferskt vatn. Hæð brynningar skal vera þannig að hænur eigi auðvelt með að drekka. Drykkjarnipplar eða bollar til brynningar skulu vera minnst tveir í hverju hólfi, einnig í einstaklingsbúrum. Þegar notuð er vatnsrenna skal hún vera jafnlöng fóðurrennu. Færanleg/hreyfanleg fóður- og/eða brynningarkerfi eru óheimil.

9.75.6. Annar búnaður - Varphænur í hefbundnum búrum

Tilvísun: 24. gr. rgl. nr. 135/2015

Búrasamstæður skulu að hámarki vera fjórar hæðir og tryggt skal að unnt sé að fylgjast með hænsnum í þeim. Hæð frá gólfi að lægsta punkti á neðstu hæð búra skal ekki vera minni en 20 sm. Á hvern rúmmetra hússins skulu ekki vera fleiri en átta hænur.

Net og önnur efni í búrum skulu vera af hentugri gerð og gæðum og þykkt netþráðarins skal vera minnst 2 mm.

Hænur skulu hafa aðgang að klóslípibúnaði eða öðrum búnaði sem tryggir eðlilegt slit á klóm.

9.75.7. Þéttleiki - Aðbúnaður til uppeldis

Tilvísun: 2. mgr. í 25. gr. rgl. nr. 135/2015, viðauki III.

Um uppeldi á foreldrafugli sláturkjúklinga gilda skilyrði í lið 1.2 í viðauka III. Um unghænur gilda skilyrði í liðum 1.3, 1.4 og 1.5 í viðauka III. Innréttingar skulu þannig gerðar að fuglarnir óhreinkist ekki af vatni, fóðri eða driti.

9.75.8. Fóður-, brynningarbúnaður – Aðbúnaður til uppeldis

Tilvísun: 25. gr. rgl. nr. 135/2015, viðauki III.

Um uppeldi á foreldrafugli sláturkjúklinga gilda skilyrði í lið 1.2 í viðauka III. Um unghænur gilda skilyrði í liðum 1.3, 1.4 og 1.5 í viðauka III. Innréttingar skulu þannig gerðar að fuglarnir óhreinkist ekki af vatni, fóðri eða driti.

9.75.9. Annar búnaður - Aðbúnaður til uppeldis

Tilvísun: 25. gr. rgl. nr. 135/2015, viðauki III.

Ungfuglar skulu aldir upp í sams konar húsnæði, við lausagöngu eða í búri og þeir verða í sem fullorðnir fuglar.

Um uppeldi á foreldrafugli sláturkjúklinga gilda skilyrði í lið 1.2 í viðauka III. Um unghænur gilda skilyrði í liðum 1.3, 1.4 og 1.5 í viðauka III. Innréttingar skulu þannig gerðar að fuglarnir óhreinkist ekki af vatni, fóðri eða driti.

Fuglar skulu hafa stöðugan aðgang að undirburði í lausagönguhúsum. Heimilt er að víkja frá því tímabundið á fyrstu fjórum lífvikum unga.

Ekki er gerð krafa um undirburð og setprik fyrir unghænur sem verða varphænur í hefð- bundnum búrum.

9.75.10. Þéttleiki - Kalkúnar

Tilvísun: 30. gr. rgl. nr. 135/2015

Kalkúnar skulu haldnir í lausagönguhúsum og hafa aðgang að undirburði séu þeir aldir innandyra. Lágmarkskröfur til húsakosts eru samkvæmt lið 1.7 í viðauka III.

9.75.11. Fóður-, brynningarbúnaður – Kalkúnar

Tilvísun: 30. gr. rgl. nr. 135/2015

Lágmarkskröfur til húsakosts eru samkvæmt lið 1.7 í viðauka III.

9.75.12. Annar búnaður – Kalkúnar

Tilvísun: 30. gr. rgl. nr. 135/2015, viðauki III

Kalkúnar skulu haldnir í lausagönguhúsum og hafa aðgang að undirburði séu þeir aldir innandyra. Lágmarkskröfur til húsakosts eru samkvæmt lið 1.7 í viðauka III.

9.75.13. Þéttleiki - Aðrir alifuglar

Tilvísun: 31. gr. rgl. nr. 135/2015

Endur og gæsir skulu haldnar í lausagönguhúsum og hafa aðgang að undirburði, séu þær aldar innandyra. Aðgangur að vatni til böðunar skal vera til staðar. Lágmarkskröfur til húsakosts eru samkvæmt lið 1.8 í viðauka III.

9.75.14. Fóður-, brynningarbúnaður – Aðrir alifuglar

Tilvísun: 31. gr. rgl. nr. 135/2015

Lágmarkskröfur til húsakosts eru samkvæmt lið 1.8 í viðauka III.

9.75.15. Annar búnaður - Aðrir alifuglar

Tilvísun: 31. gr. rgl. nr. 135/2015, viðauki III

Endur og gæsir skulu haldnar í lausagönguhúsum og hafa aðgang að undirburði, séu þær aldar innandyra. Aðgangur að vatni til böðunar skal vera til staðar. Lágmarkskröfur til húsakosts eru samkvæmt lið 1.8 í viðauka III.

9.76. Aðbúnaður fyrir kjúklinga

9.76.1. Þéttleiki

Tilvísun: 28. gr. í rgl. nr. 88/2022

Hámarksþéttleiki fugla á aðgengilegu gólfsvæði í eldishúsum skal ekki fara yfir 39 kg/m².

Niðurstöður mats á dritbruna skv. viðauka V hafa áhrif á hámarksþéttleika í húsum.

Matvælastofnun getur veitt tímabundna undanþágu um þéttleika umfram skilgreint hámark í ófyrirsjáanlegum tilvikum, þegar ekki er hægt að koma fuglunum í slátrun.

Í öllum kjúklingahúsum með aukinn þéttleika skulu eftirfarandi gögn vera aðgengileg:

a) Teikning af húsi þar sem tilgreint er aðgengilegt gólfsvæði.

b) Lýsing á loftræstingu, upphitun og staðsetningu búnaðar.

c) Lýsing á fóðrunar- og brynningarkerfum og staðsetning þeirra.

d) Lýsing á viðvörunarkerfi fyrir hita- og rafmagnsbilanir og á búnaði sem lætur vita um bilanir í viðvörunarkerfum.

Umráðamaður skal sýna fram á að lofræstingar- og hitakerfi haldi loftgæði innan marka skv. viðauka IV.

Framkvæmd á eftirliti með þéttleika

Eftirlit er í höndum þess umdæmis héraðsdýralæknis þar sem kjúklingahópurinn hefur verið alinn upp. Umdæmið styðst við mælaborð um niðurstöður daglegs eftirlits við slátrun kjúklinga sem er að öllu jafnaði uppfært mánaðarlega.

Þéttleiki í eldishópi kjúklinga er mestur á þeim degi sem hópurinn er fluttur til slátrunar, þegar kjúklingar eru þyngstir. Sé eldishópi slátrað á fleiri en einum degi miðast hámarksþéttleiki við fyrsta dag slátrunar. Lífþyngd kjúklinga á flutningsdegi er reiknuð út frá meðal sláturþyngd hópsins (miðað við fyrstu slátrun ef um fleiri en einn sláturdag er að ræða). Sú þyngd er síðan umreiknuð í lífþyngd með því að margfalda hana með stuðli sem birtur er á vef Matvælastofnunar. Enn fremur er lögð til grundvallar talning á fjölda kjúklinga í lok sláturlínu. Við þann fjölda er bætt við fjölda fugla sem hafa drepist í flutningi og þá sem fjarlægðir eru í sláturhúsarétt auk þeirra sem fjarlægðir eru af sláturlínunni. Þegar eldishópi er slátrað á

fleiri dögum, er heildarfjöldi kjúklinga í húsi við fyrstu slátrun reiknaður sem samanlagður fjöldi fugla allra sláturdaga.

Eftirlit og viðurlög við brot á leyfilegum hámarks þéttleika í kjúklingaeldi hafa verið kynnt kjúklingabændum. Þess vegna er vikið frá verkferli í kafla **Error! Reference source not found.** og stjórnvaldssektir boðaðar (með lögmæltum andmælarétti) fyrir hagnaðarbrot í eftirfarandi tilvikum án frekari viðvörunar:

a) Eldishópur með þéttleika sem er meira en 5% yfir leyfilegum hámarks þéttleika
b) Eldishópur með þéttleika sem er hærri en leyfilegur er en innan við 5% umfram leyfilegan hámarks þéttleika: Sé meðaltal þéttleika þessa hóps og næstu tveggja eldishópa hærra en meðaltal leyfilegs hámarks þéttleika þeirra, eru stjórnvaldssektir boðaðar á umfram lífþyngd hvers eldishóps þessara þriggja hópa sem eru með hærri þéttleika en leyfilegur er.
Umdæmið sendir viðvörun eins fljótt og auðið er, að öllum jafnaði á innan við mánuð, þegar upp kemur hópur með hærri þéttleika en leyfilegur er.

Meðaltalsregla þriggja hópa sbr. lið b) nær til hvers eldishúss kjúklinga sem þýðir að það er horft til hvers eldishúss fyrir sig óháð þéttleika í öðrum eldishúsum á sama kjúklingabúi.

Fyrir árið 2024 er lagt til grundvallar að hagnaður framleiðanda sé 70 kr. fyrir hvert kíló lifandi kjúklings sem er alinn umfram leyfilegan hámarks þéttleika í viðkomandi eldishópi. Hagnaður uppfærist 1. janúar ár hvert samkvæmt vísitölu fuglakjöts, nýtt eða frosið.

Upphæð stjórnvaldssektar getur hækkað sé um ítrekað brot að ræða. Brot telst ekki ítrekað þótt eldishópar í fleiri en einu eldishúsi í eigu sama rekstraraðila fari yfir mörk. Sé þéttleiki undir mörkum í 12 mánuði í hverri eldishúsi falla ítrekunaráhrif eldri brota niður.

9.76.2. Fóður-, brynningarbúnaður

Tilvísun: 1. mgr. í 26. gr. rgl. nr. 135/2015, liður 1.6 í viðauka III.

Brynning skal vera aðgengileg allan sólarhringinn. Fóður skal annaðhvort vera aðgengilegt allan sólarhringinn eða gefið með reglulegu millibili, a.m.k. einu sinni á dag. Fóðrunar- og brynningarbúnaður skal háður skilyrðum í lið 1.6 í viðauka III.

9.76.3. Undirburður

Tilvísun: 2. mgr. í 26. gr. rgl. nr. 135/2015

Kjúklingar skulu ávallt hafa aðgang að undirburði, þar sem þeir eru haldnir.

Ef undirburður er þjappaður, með hörðu yfirborði eða jafnvel blautur þá uppfyllir hann ekki ákvæðið reglugerðar, skv. orðskýringu í 2. grein reglugerðar.

9.76.4. Skráningar kjúklingahópa

Tilvísun: 27. gr., 3. mgr. í 29. gr. í rgl. nr. 135/2015

Umráðamaður skal halda skráningar um eftirfarandi atriði fyrir hvern hóp:

a) Fjölda innsettra fugla.

b) Aðgengilegt svæði.

c) Heiti ræktunarstofns.

d) Dagleg afföll, fjölda dauðra fugla og orsök, sé hún þekkt, og fjölda fugla sem eru aflífaðir, ásamt skýringu.

e) Fjölda fugla sem eru eftir í húsi eftir sölu eða slátrun hluta hóps.

f) Rekjanleikanúmer hópsins.

Skráningar skal varðveita í að minnsta kosti þrjú ár og skulu aðgengilegar eftirlitsaðilum.

9.79. Útungunarstöðvar

Skv. skilgreiningu í rgl. nr. 135/2015 er útungunarstöð staður þar sem fram fer útungun á meira en 1.000 eggjum samtímis í vélum.

Til viðbótar við VIII. kafla í rgl. nr. 135/2015 gilda kröfur í 3. grein (um opinbert eftirlit), í 9. grein (um aðgerðir), í 12. grein (um heilbrigði og forvarnir) og í 13. grein (um aflífun).

Við skoðun á útungunarstöðvum skal til viðbótar við skoðunaratriði í þessum kafla 9.79. einnig meta skoðunaratriðið kafla 9.72. og 9.73. í kafla 9 um dýravelferð.

9.79.1. Þekking og þjálfun

Tilvísun: 2. mgr. í 32. gr. rgl. 135/2015

Starfsmaður skal hafa hlotið þjálfun um rétta meðferð á frjóeggjum og ungum í útungunarstöðvum. Hann skal hafa þekkingu á fyrirbyggjandi smitvörnum og réttum umgengnisreglum og einnig hafa hlotið tilsögn í aflífun einstakra fugla.

9.79.2. Skráningar útungunarstöðvar

Tilvísun: 3. mgr. í 32. gr. rgl. 135/2015

Umráðamaður útungunarstöðvar skal halda nákvæma skýrslu um móttöku eggja, fjölda eggja í útungun, klakhlutfall og dreifingu unga.

9.79.3. Meðferð og heilbrigði unga

Tilvísun: 4. mgr. í 32. gr. rgl. 135/2015

Aðeins má dreifa heilbrigðum og hraustum ungum frá útungunarstöð. Ungum skal tryggja nægilega loftræstingu og eðlilegt hitastig.

Tilvísun: Liður 4 í I. kafla í I. viðauki rgl. ráðsins (EB) nr. 1099/2009 (IS gerð nr. 911/2012)

4. Mölun. Lýsing: Allt dýrið er malað tafarlaust. Skilyrði fyrir notkun: Kjúklingar allt að 72 klst. gamlir og óklaktir ungar í eggjum. Lykilmæliþættir: Hámarksstærð framleiðslulotu í einu. Fjarlægð milli hnífsblaða og snúningshraði. Ráðstafanir til að koma í veg fyrir yfirálag. Sértækar kröfur í II. kafla: liður 2.

Tilvísun: Liður 2. í II. kafla í I. viðauka rgl. EB nr. 1099/2009

2. Mölun. Með þessari aðferð skal tryggja að dýrin séu möluð tafarlaust og deyi samstundis. Búnaðurinn skal innihalda vélknúin hnífsblöð sem snúast hratt eða útstæða hluta úr pólýstýreni. Afköst tækisins skulu vera nógu mikil til að tryggja að öll dýr séu aflífuð þegar í stað, jafnvel þótt um mörg dýr sé að ræða.

Ungar af tegundinni Gallus gallus klekjast út eftir að meðaltali 21 dag, en kalkúnar eftir 28 daga.

Nýklaktir ungar eru með blómabelg sem veitir þeim næringu og vökva á fyrstu dögum eftir klak. Þeir eru að jafnaði ekki fóðraðir og þeim er ekki gefið vatn í útungunarstöðvum.

Fyrir nýklakta unga eru nægileg loftræsting í flutningskössum og þægilegt hitastig mikilvæg. Þeir anda með opinn gogg (e. panting) ef loftræsting í flutningskössum er ekki nægileg eða ef þeim er of heitt. Ef þeir tísta hátt og kúra sig saman þá getur þeim verið of kalt.

Aldursmunur á yngstu og elstu nýklöktum fuglum getur verið um einn sólarhringur. Það er eðlilegt að hluti unga er ekki búinn að klekjast út þegar útungunarvélar eru opnaðar og klakferli stöðvast. Þess vegna er nauðsynlegt vegna dýravelferðar að aflífa óklakta unga í eggjum.

9.79.4. Meindýravarnir, smitvarnir útungunarstöðva

Tilvísun: 2.-4. mgr. í 33. gr. rgl. 135/2015.

Skipulagðar meindýravarnir skulu vera til staðar og útungunarstöð skal meindýraheld og varin fyrir villtum fuglum.

Útungunarstöð er aðeins heimilt að taka við útungunareggjum frá stofnbúum skv. viðauka I eða frá erlendu stofnbúi þar sem innflutningur frjóeggja hefur verið heimilaður.

Viðeigandi hlífðarfatnaður og aðstaða til handþvotta skal vera til staðar.

9.79.5. Þrif og sótthreinsun útungunarstöðva

Tilvísun: 1. og 7. mgr. í 33. gr. rgl. 135/2015.

Umhverfi alifuglahúsa skal vera þurrt og þrifalegt. Útungunarstöð skal haldið hreinni og snyrtilegri. Búnaður skal þrifinn eftir hverja notkun og sótthreinsaður fyrir hverja notkun. Flutningatæki sem flytja frjóegg og fugla skulu þrifin og sótthreinsuð milli lota.

Ungar skulu fluttir í nýjum eða hreinum og sótthreinsuðum kössum.

9.79.6. Hönnun útungunarstöðva

Tilvísun: 5.-7. mgr. í 33. gr. rgl. 135/2015.

Hönnun útungunarhúss skal taka mið af vinnuferli og loftræstingu; egg, ungar og loftflæði fari allt í sömu áttina. Þessa er þó ekki krafist ef ekki er tekið á móti nýjum eggjum meðan á útungun stendur.

Í útungunarstöðvum skulu vera aðskilin rými fyrir:

a) Fataskipti og skrifstofu.

b) Eggjamóttöku.

c) Útungun og klak.

d) Kyngreiningu.

e) Þvott á búnaði og kössum.

Einnig skal vera aðskilnaður milli unga og þvottarýmis. Þar sem ekki er tekið á móti nýjum eggjum meðan á útungun stendur eru ekki gerðar kröfur um aðskilin rými skv. 6. mgr.

Misjafnt er hvort útungun fer fram í einni vél (sem er bæði útungunarvél og klekjari) eða hvort eggin eru færð í klekjara síðustu daga fyrir klak, til betri nýtingar á útungunarvélum.

Hönnun útungunarstöðva skal miða að því að koma í veg fyrir útbreiðslu hugsanlegs smits. Það er sérstaklega mikilvægt í útungunarstöðvum sem taka við eggjum frá mismunandi stofnbúum. Ekki eru gerðar eins umfangsmiklar kröfur um aðskilnað milli rýma til útungunarstöðva með takmarkaðri starfsemi. Hér er sérstaklega átt við einangrunarstöðvar sem unga út einungis einum hópi í einu.

9.80. Úrbætur

Tilvísun: 35.gr. og 44.gr. X. kafla í lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.

9.80.1. Úrbætur

Þetta skoðunaratriðið á við um úrbætur á frávikum í IV. þátt.

- Ef frávik sem gert hefur verið við skoðunaratriði í skoðun hefur ekki verið lagfært við eftirfylgni eða næsta reglubundna eftirlit, skoðast það sem **Alvarlegt frávik** undir þessum lið, samanber kafla 1.4. Mat á athugasemdum og eftirfylgni. **Dómur í þessu skoðunaratriði er alltaf Alvarlegt frávik**.
- Í því skyni að uppfylla allar kröfur sem til þeirra eru gerðar skulu leyfishafar framkvæma úrbætur innan tiltekinna fresta og laga þau atriði sem voru ekki í lagi við fyrri skoðanir. Viðhalds- / úrbótaáætlun sem inniheldur eðlilega tímafresti og er virk, telst vera jafngild því að úrbætur hafi verið gerðar hvað varðar dóm.